

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

**Velferðarstefna Sjálfstæðisflokksins frá
stofnun hans árið 1929 og fram á áttunda
áratug síðustu aldar**

Ritgerð til BA prófs í sagnfræði

Arnar Sverrisson
Kt.: 290451-4859

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson
Maí 2015

Efnisyfirlit

Ágrip.....	2
Inngangur	3
1. Hvað er velferð og velferðarríki?	5
2. Rætur Sjálfstæðisflokksins og skeið í sögu hans; sögulegt yfirlit.....	9
3. Sjálfstæðisstefnan; grundvallarhugmyndafræði og lykilhugtök	15
4. Velferðarhugmyndafræði og kjörfylgi flokka fjórflokkakerfisins	20
5. Eðli Sjálfstæðisflokksins; erlend áhrif á velferðarstefnu og skyldleiki við flokka nágrannalandanna.....	33
6. Velferðaráherslur Sjálfstæðisflokksins við mótun íslenska velferðarkerfisins með hliðsjón af þróun velferðarkerfa í grannríkjunum	40
Niðurstöður.....	46
Heimildaskrá	50

Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er velferðarstefna Sjálfstæðisflokksins á skeiði fjórflokksins svokallaða (Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sósíalístaflokks/Alþýðubandalags) eða fjórflokkakerfisins, þ.e. á tímabilinu frá u.þ.b. 1930 og fram á áttunda áratug síðustu aldar. Fyrir glöggvunar sakir er þó litið yfir heldur lengra tímabil. Leitast er við að greina almenna velferðarhugmyndafræði flokksins og áherslur hans við uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins.

Spurt er fjögurra meginspurninga: 1) Hver er skilningur Sjálfstæðismanna á velferð. 2) Hvað skýrir stefnu Sjálfstæðisflokksins á velferðarsviðinu? 3) Hverjar eru breytingar á stefnu hans í málaflokknum? 4) Hefur Sjálfstæðisflokkurinn sérstöðu meðal skyldra flokka í Norður-Evrópu? Um efnivið mun ég leita fanga í skrifum málsmetandi flokksmanna, flokksályktunum og stefnuskrám, skjölum Alþingis, sáttmálum ríkisstjórna með þátttöku Sjálfstæðisflokksins, svo og skrifum fræðimanna innlendra og erlendra.

Svo virðist, sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi lagt gjörva hönd á uppbyggingu velferðarkerfis, sem mjög svipar til þróunar mála í grannlöndunum, en þar hafa jafnaðarmenn iðulega setið langdvölum við stjórnvölinn. Þannig hefur flokkurinn gengið á skjön við frjálshyggishugmyndafræði sína um félagslega aðstoð við lítilmagnann og lagað sig að samstarfsflokkunum, einkum Alþýðuflokknum og Sósíalístaflokknum (sem síðar varð uppistaða Alþýðubandalagsins). Með þessu móti hefur hann trúlega öðlast það fjöldafylgi, sem raun ber vitni og er grundvöllurinn að ríkisvaldinu.

Trauðla er unnt að greina breytingar á stefnu flokksins síðustu áratugi, þrátt fyrir heiftarlega gagnrýni nýfrjálshyggjuhóps innan vébanda Sjálfstæðisflokksins á velferðarstefnu hans. Sterk rök hníga í þá átt, að Sjálfstæðisflokkurinn sé í raun stærsti jafnaðarmannaflokkur landsins og sérstakur verndari kristinnar trúar og ríkiskirkju.

Inngangur

Velferð og kerfi þau, sem hún er steypd í, hafa í umtalsverðum mæli mótað þróun samfélaga Norður-Evrópu frá lokum seinni heimstyrjaldar. En þegar á átjándu öldinni höfðu fræðimenn og mannvinir fjallað um þá eynd, sem verkalýðurinn á dögum iðnbyltingarinnar bjó við. Sett voru lög um vinnuvernd og tryggingar bæði í Englandi og Þýskalandi á sama méli.

Orðið, velferðarríki, er hrá þýðing á enska orðinu „welfare state“, en breski biskupinn, Williams Temple (1881-1944), er talinn hafa notað hugtakið sem andheiti við styrjaldarríki Adolfs Hitler, þ.e. „welfare state“ á enskri tungu, um það leyti, sem seinni heimsstyrjöldin brast á. Raunar kom orðið fyrir 1934 í riti góðkunningja hans og starfsbróður, Alfred Eckhard Zimmern (1879-1957), sem var breskur sagnfræðingur og stjórnmálafræðingur.¹ Sé tekið tillit til orðstofnanna í enska orðinu, sem augljóslega eru af norrænum uppruna, þ.e. vel og fara eða ferð (forne. well faran), mætti ekki síður kalla velferðarsamfélagið velfarnaðarsamfélag eða farsældarríki eða farsældarsamfélag. Einn helsti velferðarhugmyndafræðingur Bretlands og Vesturlanda, William Beveridge, taldi á tímum seinni heimstyrjaldarinnar, að meinsemdirnar, sem nema þyrfti burtu, væru; skortur, sjúkdómar, fáfræði, volæði og iðjuleysi.² Enska orðið „welfare state“ á sér samsvörun í þýska orðinu „Wohlfahrtsstaat“, sem beitt var í stjórnmálaumræðu í Þýskalandi um miðbik nítjándu aldar í tengslum við réttarríkið (Rechtstaat). Í millistríðsumræðunni í Bretlandi hafði hugtakið „welfare state“ áþekka merkingu.³

Ofangreind þróun á vitanlega einnig við um Ísland. Íslenskir stjórnmálamenn, embættismenn og menntamenn fylgdust grannt með þróun mála í grannríkjunum.⁴ Hið íslenska velferðarkerfi dregur því í meginatriðum dóm af kerfum frændþjóðanna í Norðurálfu.

Frá stofnun Lýðveldisins var Sjálfstæðisflokkurinn þaulsetinn í ríkisstjórnnum þess um áratuga skeið og átti aðild að stöðugri eflingu velferðarkerfisins, andstætt við þá flokka, sem tamt er að bera hann saman við í Norður-Evrópu, þó sérstaklega á Norðurlöndunum. Þetta er svonefnt tímabil fjórflokkakerfisins, þ.e. frá miðjum fjórða áratugi síðustu aldar og fram á þann áttunda. Hér er átt við Sjálfstæðisflokk, Framsóknarflokk, Alþýðuflokk og Sósíalistaflokk/Alþýðubandalag.

¹ Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*, bls. 217. – Wincott, D. „Original and imitated“ ..., bls. 127-128. - Elding, N. og fl. „Social policy language“ ..., bls 13.

² Beveridge. *Traustir hornsteinar...*, bls. 30.

³ Petersen og Petersen. „Confusion and divergengence:“ ..., bls. 37-38, 47-48.

⁴ Guðmundur Jónsson. „Agents and Institutions“ ..., bls. 61

Það má með réttu lagi tala um eins konar fjöldahreyfingu, þegar Sjálfstæðisflokkurinn er annars vegar. Kjörfylgi hans hefur á tímabilum slagað hátt upp í helming kjósenda. Frá og með kosningunum 1978, á tímum alþjóðlegs óróa og kreppu á Vesturlöndum, var fylgi flokksins sveiflukennt, en í upphafi nýs árþúsunds fór fylgið að fjara undan honum. „Kollsteypan“ var í senn efnahagsleg og menningarleg. Sviplegt fráfall Bjarna Benediktssonar árið 1970, sem var óskoraður leiðtogi Sjálfstæðismanna, var eins konar tákn þeirra þáttaskila, sem þá fóru í hönd.

Í þessari ritsmíð verður fjallað um velferðarstefnu Sjálfstæðisflokksins á almennum, hugmyndafræðilegum grundvelli, þ.e. blæbrigði við útfærslu stefnunnar koma einungis að litlu leyti til skoðunar. Ég ætla sem sé að beina sjónum sérstaklega að velferðarhugsun og stefnumiðum flokksins á áðurgreindu tímabili með fjórar meginspurningar í huga: 1) Hver er skilningur Sjálfstæðismanna á velferð. 2) Hvað skýrir stefnu Sjálfstæðisflokksins á velferðarsviðinu? 3) Hverjar eru breytingar á stefnu hans í málaflokknum? 4) Hefur Sjálfstæðisflokkurinn sérstöðu meðal skyldra flokka í Norður-Evrópu?

Um efnivið mun ég leita fanga í skrifum málsmetandi flokksmanna, flokksályktunum og stefnuskrám, sáttmálum ríkisstjórna með þátttöku Sjálfstæðisflokksins, Alþingistíðindum svo og skrifum fræðimanna innlendra sem erlendra. Fyrir mér vakir að gefa eins raunsanna mynd og hugsast getur af viðfangsefninu. Því mun ég, þegar um er að ræða stefnumarkandi skrif, kappkosta að beita beinum tilvitnunum, svo skilningur fari síður milli mála, og raust heimildamanna heyrast í sviðsetningu þessarar sögu. Þetta á einkum við um hugmyndafræðinga og foringja Sjálfstæðisflokksins sem og skilgreiningu lykilhugtaka.

Aðferð mín dregur því dóm að aðferðum þriggja ritgerða, sem skrifaðar hafa verið á síðustu áratugum; Ásgeirs Guðmundssonar um Flokk þjóðernissinna árið 1970; aðferð Hallgríms Guðmundssonar um uppruna Sjálfstæðisflokksins á árinu 1975 og Helgu Guðrúnar Jónasdóttur um tímabil fyrstu vinstristjórnar á Íslandi og myndun Sjálfstæðisflokksins 1998. Aðferð þeirra fólst einkum í því að láta skoðanir heimildamanna koma milliliðalaust fram. Ritgerð Hólfríðar Grímsdóttur frá 1992 um Sjálfstæðisflokkinn í ljósi kenninga ítalska stjórnmálafræðingsins, Angelos Panebiancos (f. 1948) skiptir efnislega einnig máli.⁵

⁵ Ólafur Ragnar Grímsson. „Formáli“ ..., Ásgeir Guðmundsson. „Þjóðernishreyfing“ ..., Hólfríður Grímsdóttir. *Greining á Sjálfstæðisflokknum* ..., og Helga Guðrún Jónasdóttir. *Hjaðningavíg hugsjónanna*....

Það er samfélagsfræðileg grundvallarforsenda rannsóknar minnar á velferðarstefnu Sjálfstæðisflokksins, að hugmyndafræði stjórnmalaflokks sé samþætt og samofin. Því ber nauðsyn til að skoða tiltekinn þátt hennar og hugtök í samhengi. Önnur forsenda er sú kennisetning, að flest það, sem stjórnmalaflokkur segir og gerir, feli í sér skírskotun til kjósenda, sem ljá honum hið lýðræðislega vald. Í því ljósi þarf einnig að skoða hugmyndafræði og raunstjórnmal.

Meginmál ritgerðarinnar skiptist í sex kafla. Í fyrsta kafla skoða ég, hvaða almenni skilningur er lagður í hugtakið velferð og velferðarríki. Í öðrum kafla kanna ég stjórnmalasögulegar rætur Sjálfstæðisflokksins og reyni að greina skeið í sögu hans. Sú greining leggur m.a. grundvöll að síðari umfjöllun um gjörva hönd flokksins við mótun á íslenska velferðarríkinu. Í þriðja kafla brýt ég hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins til mergjar sem undirstöðu þess að skoða áhrif hans í velferðarmálum og kanna stöðu hans í fjórflokkakerfinu, en það er viðfangsefni fjórða kafla. Gerður verður stuttur samanburður á velferðarhugmyndafræði flokka fjórflokkakerfisins, m.a. fjallað sérstaklega um kjörfylgi. Einnig er kastljósinu beint að því, hvernig velferðarstefna Sjálfstæðisflokksins höfðar til kjósenda og tryggir fylgi hans. Fyrstu fjórir kaflarnir eru nauðsynleg undirstaða þess að greina velferðarfræðilegt eðli flokksins og með hvaða hætti það mótast af erlendum áhrifum, en þau hafa frá upphafi vega vegið þungt í velferðarumræðu á Íslandi. Um það fjallar fimmti kafla. Í sjötta kafla verður skoðað, hvernig velferðaráherslur flokksins móta íslenska velferðarkerfið. Með sömu rökum og áður verður höfð hliðsjón af velferðarhugmyndafræði flokka í Norður-Evrópu. (Það svæði kennir kunnur norskur fræðimaður á sviði velferðar, Anne-Lise Seip, við mót mælendasvæði í norðvestlægri Evrópu, þ.e. Norður-Þýskaland, Bretland og Norðurlönd.⁶) Von mín er, að slík umfjöllun geti einnig varpað ljósi á hugsanlega sérstöðu Sjálfstæðisflokksins í velferðarmálum.

1. Hvað er velferð og velferðarríki?

Hugmyndir um velferðarstefnu og velferðarríki hafa tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Hér verður leitast við að greina frá megindráttum í þróun þessara hugtaka á Íslandi og í Norður-Evrópu og áherslur Sjálfstæðisflokksins dregnar fram sérstaklega.

Hugtök um velferð og félagsmál (social politik) á Íslandi bárust til Íslands frá Danmörku, en þau ruddu sér mjög til rúms í hugmyndaheimi Norðurálfumanna á 19. öld. Félagsmálhugtakið tók þá fyrst og fremst til þeirra lífsvandamála, er risu upp í sambandi

⁶ Anne-Lise Seip. *Sosialhjelpstaten blir til....*, bls. 17.

við verkalýðsstétt nútímans. Síðar hefur hugtakið verið víkkað nokkuð, en er þó enn sem fyrr að meginstofni bundið launþegastéttinni.⁷ En trúlega var það þýski hagfræðingurinn og félagsfræðingurinn, Lorenz von Stein (1815-1890), sem fyrstur fræðimanna fjallaði um umbætur í anda velferðar eða félagshyggjuríkið (Sozialstaat) á fimmta áratugi nítjándu aldar.⁸

Umræður um félagsmál í anda félagshyggjuríkis hófust á Íslandi upp úr fyrra heimsstríði 1914 til 1918. Íslendingar gengu þá í skóla hjá Norðurlandþjóðunum eins og oft átti eftir að verða. Fyrsti félagsmálaráðherra Íslendinga, Stefán Jóhann Stefánsson (1894-1980), segir um þróun félagsmála árið 1941:

Þær þjóðir, sem okkur eru kunnastar og við fáum einna mest lært af í þessum efnun [félagsmál], eru Norðurlöndin. Þar hafa félagsmálefni og félagsmálalöggjöf tekið einna mestum framförum og þroska síðastliðinn manaldur [þ.e. miðað við 1941]. ... Saga síðustu 20 ára er einmitt næsta viðburðarík í þessum efnun, jafnvel svo, að segja má að á þessu tímabili hafi skapast löggjöf og framkvæmdir, er marka tímamót í þróun félagsmála hér á landi.⁹

Á árum seinni heimstyrjaldarinnar er, að dómi Jóns Blöndal (1907-1947), skilningur á hugtakinu þessi: „Félagsmál í víðtækari merkingu þess orðs eru þau mál, er snerta líf skjör og sambúð hinna ýmsu stétta, en aðallega er þetta hugtak þó notað um þau mál, sem snerta líf skjör hinna fátækari stétta og viðskipti þeirra við aðrar þjóðfélagsstéttir.“¹⁰ Inntak hugtaksins hefur þó breyst eins og gefur að skilja. Á ofanverðri síðustu öld kennir sagnfræðingurinn, Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949), að

[í] auðsæld eftirstríðsáranna hafði Ísland breyst í “velferðarríki” sem tók víðtækari ábyrgð á afkomu þegna sinna en til greina gat komið í fátækt fyrri tíma.

Velferðarkerfi nútímans er oft líkt við “öryggisnet” sem eigi að tryggja fólki ákveðið lágmark í líf skjörum hvað sem út af ber í lífi þess.¹¹

Með hugtakinu, velferðarkerfi, er því á vorum dögum venjulega átt við víðtæka aðstoð hins opinbera, þ.e. ríkisvalds og sveitarfélaga, á ýmsum sviðum. En raunar getur slík sam hjálp einnig komið annars staðar frá, eins og til að mynda frá starfsgreinafélögum.

Þegar þróun velferðarkerfisins er skoðuð, er stundum talað um breytingu frá félagsaðstoð til velferðar. Ölmusa kom í stað lögbundins réttar til stuðnings í velferðarríki

⁷ Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson. *Alþingi og félagsmálin*, bls. 9.

⁸ Lessenich, S. „Germany“ ..., bl.s 180.

⁹ Stefán Jóhann Stefánsson. „Formáli“ ..., bls. V. –

¹⁰ Jón Blöndal. *Félagsmál...*, bls. 1. –

¹¹ Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20 öld*, bls. 402.

nútímans. Það var einmitt þetta jafngildisfyrirkomulag – þ.e. að allar yfirfærslur eins og t.d. barnabætur, voru fjármagnaðar með sköttum, og veittar öllum jafnt án tillits til þarfa – sem var einkenni norræna velferðarkerfisins í samanburði við kerfi annarra Vesturlanda.¹² Í þessu sambandi vekur norski fræðimaðurinn, Anne-Lise Seip (f.1933), athygli á vissri sundurgerð velferðarríkja, en telur, að samnefnari þeirra sé einkum sú umtalsverða ábyrgð, sem ríkisvaldið tekur til að tryggja íbúum velferð þeirra.¹³

Fyrrgreind Seip telur að greina megi þrjár meginbylgjur í þeirri hugmyndafræði, sem liggur smíði velferðarríkisins til grundvallar; afskiptaleysisstefnuna (*laissez-faire*), sjálfshjálparstefnuna og miðstýringarstefnuna. Afskiptaleysisstefnan felur í sér þá sannfæringu, að íbúum ríkisins sé treystandi til að leysa hin ýmsu vandamál mannlífsins af eigin rammleiki og með siðferðilegri skírskotun til hvers annars, sjálfhjálpstefnan grundvallast á hinni fyrri, en nauðsynlegt er talið, að ríkisvaldið rétti fram hjálparhönd í því skyni að örva fólk til sjálfsbjargar.

Ef til vill er sjálfshjálparstefnunni best lýst af einum frumkvöðla hennar á nítjándu öldinni, Bretanum Samuel Smiles (1812-1904), sem samdi nokkrar bækur um efnið. Guðmundur Jónsson (f. 1955) segir. „[Þær] fluttu einfaldan en skýran siðaboðskap: með því að standa á eigin fótum, bæta sjálfan sig, ástunda iðni, þolgæði, bindindi og sparsemi öðlast einstaklingurinn þroska og efnahagslegt sjálfstæði.“ Aðstoð er veitt þeim, sem metnir eru verulega þurfandi, þ.e. hún beinist yfirleitt að lágtekjufólki. Miðstýring verður til á grundvelli laga, sem ná til allra íbúa samkvæmt svonefndri algildisreglu og grundvallarviðhorfunum; öryggi, frelsi og jöfnuði.¹⁴

Stundum er talað um hið gullna tímabil í viðgangi velferðarkerfisins samfara miklum vexti í efnahagslífinu að lokinni seinni heimsstyrjöld. Með afturkippu í tengslum við olúkreppuna í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar jókst þrýstingur á að skera niður opinber útgjöld og var farið að tala um kreppt velferðarkerfisins. Þó gætti krepptu ekki á Íslandi fyrr en um það bil áratugi síðar.¹⁵

Hið sígilda eða dæmigerða skeið (klassísk epoke) velferðarríkisins telur Seip hefjist um miðbik áttunda áratugar síðustu aldar. Eins og áður er ýjað að, fól skipan velferðarmála á þessu skeiði í sér öflugna miðstýringu samkvæmt leikreglum ríkisvaldsins og í samráði við hagsmunahópa. Í þessu fyrirkomulagi má greina ákveðna tilhneigingu til

¹² Harald Gustafsson. *Nordens historia...*, bls.253-254.

¹³ Anne-Lise Seip. *Veiene til velferdsstaten...*, bls. 15.

¹⁴ Anne-Lise Seip. *Veiene til velferdsstaten...*, bls. 383 - Anne-Lise Seip. *Sosialhjelpstaten blir til...*, bls. 12. – Guðmundur Jónsson. *Hjálp til sjálfshjálpar...*, bls. 375.

¹⁵ Guðmundur Jónsson. „The Icelandic Welfare State, bls. 263-264.

eins konar samráðsstefnu (korporativering). Velferðarsviðið, þ.e. inntak þjónustunnar, ásamt þeim, sem njóta hennar og veita hana, er skilgreint í löggjöf, og verða hvorir tveggju hagsmunaaðilar. Ríkisvaldið skilgreinir, hvaða stéttir skuli starfa á velferðarsviði. Þar með er atvinnumennskan (profesjonalisering) komin til skjalanna. Þjónustusundurgreiningin (differensialisering) verður þar með öflugri og aðstoðin sömuleiðis, rétt höfum fjölgar stöðugt. Hver og einn á lögbundinn rétt til velferðarþjónustu (universalisering).¹⁶

Breski sagnfræðingurinn, Asa Briggs (f. 1921), er á sömu bylgjulengd og Seip. Hann skilgreinir nútímavelferðarríkið með eftirfarandi hætti: Vald notað í skipulegum tilgangi til að draga úr áhrifum markaðsafla með því að ábyrgjast lágmarksþjónustu: a) afkomuþryggingu; b) læknisþjónustu, þjónustu við aldraða og atvinnuleysisbætur; c) allir þjóðfélags hópar (óháð efnahag) eiga kost á þessari félagsþjónustu.¹⁷ (Og slík þjónusta kostar. Útgjöld til velferðarríkisins, stundum kennd við skattajafnaðarstefnu (skattesotalisme), jukust frá 10 til 20% af vergri þjóðarframleiðslu á fjórða áratugi síðustu aldar til helmings hennar í upphafi þess áttunda í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu.¹⁸)

Danski félagsfræðingurinn, Gösta Esping-Andersen (f. 1947), hefur heldur annað sjónarhorn en Seip og Briggs. Hann dregur velferðarríki nútímans í þrjá meginvilka. 1) Hin frjálsslyndu velferðarríki, sem einkennast af einstaklingsbundnu mati á hjálparþörf og hóflegum yfirfærslum eða hófsömu tryggingakerfi. 2) Hin íhaldssömu ríki, þar sem réttur til bóta er einkum tengdur stöðu á vinnumarkaði og þar sem kirkja og fjölskylda voru enn máttarstólpar félagslegrar aðstoðar. 3) Jafnaðarmannaríkin, þar sem tryggingar ná til allra og bótaréttur er óháður stöðu á vinnumarkaði, þ.e. ríkisvaldið stefnir að örlátri aðstoð við alla.¹⁹

Það er algeng söguskoðun, að velferðarkerfið sé „eingetið“ barn jafnaðarmannaflokka (sósíaldemókrata). Hugtakið hefur hlotið óbrotgjarnan sess sem dæmigert hugtak á alþjóðavísu um velferð. Þegar árið 1953 töldu félagsmála- eða velferðarráðherrar norrænu ríkjanna, að Íslandi meðtöldu, að réttast væri að líta velferðarkerfi allra Norðurlanda sömu augum, enda þótt þau hefðu sín séreinkenni. Það sama gerir um þessar mundir fleirþjóðlegur rannsóknarhópur um velferð. Einkenni hins norræna fyrirmyndarfyrirkomulags eru einkum talin kjarajöfnun í krafti tengsla sterkrar og sameinaðrar verkalýðshreyfingar og jafnaðarflokka/verkamannaflokka, sem hafa að

¹⁶ Anne-Lise Seip. *Veiene til velferdsstaten....*, bls. 16.

¹⁷ Alcock, P. Og M. Powell. „Introduction“ ..., bls. 3 – Briggs, A. „The Welfare State in Historical Perspective.“

¹⁸ Francis Sejerstad. *Sosialdemokratiets tidsalder...*, bls. 356-357.

¹⁹ Christansen, N.F. og P. Markkola. „Introduction“ ..., bls. 12.

jafnaði firnasterka stöðu á þingi. Ofangreindur hópur tekur svo sterkt til orða, að hina norrænu ríkisvelferð sé óhjákvæmilegt að skoða sem afurð jafnaðarmannaflokka.²⁰

2. Rætur Sjálfstæðisflokksins og skeið í sögu hans

Segja má, að hin eiginlegu mótunarár íslenska flokkakerfisins séu frá árinu 1916 til 1942. Á því tímabili mótaðist flokkakerfið, sem samanstóð í höfuðatriðum af fjórum flokkum, þ.e. Sjálfstæðisflokki, Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi (forverum þess) og Framsóknarflokki. Sjálfstæðismálið var mál málanna, stjórn málin voru sjálfstæðisstjórn má. En þegar þau voru í höfn með sambandslagasamningnum 1918 fóru menn að beina sjónum að stéttum. Næstu áratugi og fram undir síðustu aldamót má jafnvel tala um stéttastjórn má og að sumu leyti kynjastjórn má. Stjórnarskrárbreytingin árið 1915 skipti verulegu máli fyrir slíka þróun. Nú gátu allir fullveðja einstaklingar kosið, þ.e. kosningaréttur var orðinn almennur og upp var tekið landskjör í stað konungskjörs. Nú var það sem sé þjóðin sem kaus fulltrúa í efri deild Alþingis, en ekki konungur. Aukinheldur voru kynntar margs konar nýjar hugmyndir af erlendum toga um stjórn má, stefnur og flokka.

Flokkadeiglan skýrðist vart að ráði fyrir en með stofnun Íhaldsflokksins árið 1924. Reyndar bendir Magnús Jónsson (1919-1984) á, að „flokkaglundoðinn,“ sem hann kallar svo, hafi aukist í hamförum fyrra heimstríðs. Ástandinu hefur jafnvel verið lýst sem eins konar Sturlungaöld í stjórn málum.²¹ Fjármál ríkisins voru þá í kaldakolum, enda var fyrri liður stefnuskrár flokksins „viðreisn fjárhags ríkissjóðs.“ Hinn var „almenn umbótastörf.“²² Hér mætti jafnvel tala um viðreisnarstjórn hina fyrri. (Sú síðari var viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem stofnað var til 1959.)

Stefnuyfirlýsing Íhaldsflokksins segir: „[A]ð fella burtu þau útgjöld landssjóðs, sem vjer teljum ónauðsynleg, og með niðurlagningu eða samanfærslu þeirra landsstofnana og fyrirtækja, sem vjer teljum að þjóðin geti án verið eða minkað við sig henni að skaðlausu.“²³ Jón Þorláksson (1877-1835), fyrsti formaður flokksins, var af mörgum talinn mikilhæfur.^{24 25 26} Hann var eindrægur talsmaður stéttasamvinnu í stað stéttabaráttu.²⁷

²⁰ Sören Kolstrup. *Velfærdsstatens rødder*...., bl.s 22. – Christiansen, N.F. og P. Markkola. „Introduction“ ..., bls. 29. – Petersen, K. „Constructing“ ..., bl.s 68 og 98. – Elding, N. og fl. „Social policy language“ ..., bls. 13. – Kettunen, P. „The language of social“ ..., bls. 157. – Christiansen, N.F. og P. Markkola. „Conclusions“, bls. 338.

²¹ Helga Guðrún Jónasdóttir. *Hjáðningavíg* ..., bls. 2.

²² Magnús Jónsson. *Sjálfstæðisflokkurinn*..., bls. 9.

²³ Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni*..., bls. 90.

²⁴ Magnús Jónsson. *Sjálfstæðisflokkurinn*..., bls. 77.

²⁵ Gunnar Thoroddsen. „Inngangur“..., bls. 17.

²⁶ Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 647.

²⁷ Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 358.

Á þessu méli, sem hér um ræðir, virðist opinber framfærsla, tryggingar eða velferð ekki vera komin á dagskrá með þeim hætti, að ástæða væri til að viðhafa um slíkt mörg orð, hvað þá að njörva niður í stefnuskrá. Jón var greinilega trúaður maður, en seildist í því efni lengra en til botns Miðjarðarhafs. Hann varð fylgjandi Zarabústra. Árið 1911 skrifar hann til dæmis:

Ef ég ætti að nefna eina leiðandi hugsun ... þá hef ég fundið hana í þeim einföldustu og einna göfugustu trúarbrögðum, sem ég veit til, að upp hafi verið meðal manna ... sem kennd eru við Zóroaster eða Zarathustra hinn persneska. ... Allt það, sem miðar að því að auka gleðina og sæluna og velgengnina í heiminum, styrkir ríki hins góða, og eru það þess vegna góðverk, en allt það, sem miðar að því að auka örbirgð, sorgir og syndir, eflir vald þess vonða. ... Hér er nóg ... af fátæklingum til að veita atvinnu, björg og blessun. Sá, sem vinnur [að þessu] ... vinnur ljóssins drottni þægt verk; en hver, sem hindrar slíkt [...] þjónar þeim vonða.²⁸

Af orðum Jóns má sjá, að hann hefur borið í brjósti umhyggju fyrir smælingjanum og lætur í ljósi greinilega mannúðarhyggju. Íhaldsflokkurinn berst fyrir hagsmunum þeirra einnig, hann er ekki flokkur tiltekinna stétta. Raunar telur Jón, að flokkaskipting eftir stéttum sé beinlínis óeðlileg. Árið 1916 skrifar hann: „Flokkaskipting eftir stéttum er óeðlileg og mundi ekki vera landinu til neins góðs, og hún er beinlínis ljót, þegar þeir, sem meiri máttar eru, byrja.“²⁹ Níu árum síðar (1925) ítrekar hann „að hagsmunum sérhverrar stéttar er þá best borgið í bráð og lengd, ef hvert mál er útkljáð með heill alþjóðar eingöngu fyrir augum.“ ... „Í þeim flokki [Íhaldsflokksnum] taka allar stéttir landsins höndum saman til að vinna að heill alþjóðar, vel vitandi, að með því móti er og best borgið hagsmunum hverrar stéttarinnar sér í lagi.“³⁰

Ég læt mér skiljast, að með þessu sé Jón að marka stefnu um það, að svo fremi að þurfi að verja velferð tiltekinna stéttar skuli það gert á almennum grundvelli, en ekki samkvæmt einhvers konar sérþarfaviðhorfi.

Enda þótt velferð sem slík hafi í þennan tíma ekki verið umtalsefni, voru umbætur það engu að síður eins og sést af seinni lið stefnuskrár Íhaldsflokksins. Skömmu eftir sameiningu Íhaldsflokks og Frjálslynda flokksins 1929, skrifar Jón:

Flokkurinn [hinn nýi Sjálfstæðisflokkur] vill vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagnunni allra

²⁸ Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 38-39.

²⁹ Sama rit, bls. 58.

³⁰ Sama rit bls. 74 og 77.

stétta fyrir augum. En í þessu felst einmitt, að flokkurinn vill virða og efla sjálfstæði einstaklinganna innan þjóðfélagsins, bæði manna, stofnana og félaga. Á framtaki einstaklinganna og frelsi þeirra til þess að beita kröftum sínum innan leyfilegra takmarka sér og sínum til hagsbóta byggir þessi stefna fyrst og fremst vonirnar um framhaldandi umbætur á lífkjörum þjóðarinnar.³¹

Hugmyndafræðilega er velferðarstefnan greinilega samofin hugmyndafræði um einstaklingsfrelsi öndvert við hugmyndir um samfélagslega forsjá og beitingu ríkisvalds. Áherslan á frjálsslyndi jókst, þegar Íhaldsflokkur og Frjálsslyndi flokkurinn runnu saman árið 1929.³²

Við stofnun Frjálsslynda flokksins gerðu stofnendur hans sér far um að gera greinarmun á stefnuskrá hans og Íhaldsflokks Jóns Þorlákssonar. Íhaldsflokkinn kölluðu þeir “hreinan stéttaflokk,” sem samkvæmt dagblaðinu Vísi „hefir það að höfuðmarkmiði, að hlynna að efnuðustu mönnum þjóðfélagsins, þó að annað sé látið í veðri vaka, ...“³³

Stefnuskrá Frjálsslynda flokksins er þrungið þjóðernishyggju og frjálsræði. Velferð manns er að mestu leyti undir honum sjálfum komin:

Einstaklingurinn verður ávalt að finna til þess, að það sé undir honum sjálfum komið, hvert hlutskifti hans verður í lífinu, hvort honum vegnar vel eða illa, hvort hann getur séð fyrir sér eða sínum. Ef hann finnur það, að hann getur varpað ábyrgðinni upp á aðra, þá kærir hann sig kollóttann, lætur alt reka á reiðanum. Ríkið má því ekki skoða sig sem forsjón einstaklinganna, enda mun það oftast vera ver til þess fallið að ráða skynsamlega fram úr málefnum þeirra heldur en einstaklingarnir sjálfir.³⁴

Þetta andforsjárviðhorf til velferðar endurspeglar í stefnu fyrstu fimmtán áraanna í lífi flokksins. Það kallar Magnús Jónsson, einn meginhugmyndafræðinga Sjálfstæðisflokksins um miðbik síðustu aldar, hið klassíska tímabil. „Ríkisvaldið átti þar sem minnst að koma nærri og meðal annars taka sem minnst af tekjum manna til ráðstöfunar, því að sérhver peningur væri bezt kominn í eigu þess manns, er hans hefði aflað og yrði bezt ráðstafað af honum.“³⁵

Þessi fyrstu fimmtán ár mótast afstaða Sjálfstæðisflokksins til hinna ýmsu þjóðmála, þar á meðal velferðarmála, undir óskoraðri forystu hins merka leiðtoga

³¹Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Jón Þorláksson forsætisráðherra*, bls. 382.

³²Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu*, bls. 11.

³³Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni...*, bls. 109.

³⁴Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni...*, bls. 112 og 113.

³⁵Magnús Jónsson. *Sjálfstæðisflokkurinn fyrstu 15 árin*, bls. 5.

flokksins og Íslendinga, Ólafs Thors (1892-1964). Hann var Alþingismaður frá 1926 til dauðadægurs 1964, tók við forystu í flokknum eftir Jón Þorláksson 1934. Ólafur sat í samtals sjö ríkisstjórnnum og sat sjálfur í forsæti fimm þeirra. Mótunarár Sjálfstæðisflokksins í leiðtogatíð þeirra, bera, samkvæmt greiningu Hólmfríðar Grímsdóttur, sterk einkenni samþjöppunar, en í henni felst, að miðlægur og fámennur hópur myndar kjarna flokksins.³⁶

Uppáhaldsstjórnir Ólafs Thors voru Nýsköpunarstjórnin (1944) og Viðreisnarstjórnin (1959). Báðar stjórnirnar voru samsteypustjórnir Sjálfstæðisflokks og „vinstri“ stjórn málaflanna (Alþýðuflokkur, Sósíalístaflokkur). Framsóknarflokkurinn tók einnig þátt í þeirri fyrri.³⁷

Flokksmenn hlóðu og hlaða foringjann enn lofi fyrir frammistöðu hans í ríkisstjórn og sérstaklega góðum tengslum hans við verkalyðshreyfinguna.^{38 39 40} Kjartan Gunnarsson (f. 1951), löngum framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, skrifar til að mynda:

Hann var sá formaður Sjálfstæðisflokksins, sem hafði meiri möguleika en þeir flestir til þess að framkvæma stefnu flokksins – eða breyta henni í athafnir. Og vafalaust reis ferill Ólafs hæst, er hann stýrði Viðreisnarstjórninni, sem tók við stjórn landsins 1959 og stóð fyrir einhverri mestu efnahags- og lífshjúðun, sem hér hefur orðið.⁴¹

Ævisöguritari Ólafs, Matthías Jóhannessen (f. 1930), gefur sýnishorn af ræðum leiðtogans, sem sjálfur setti fátt á blað. Ræða 18. júní 1922. „„Kjörorð hins íslenska lýðveldis er: Mannhelgi. Hugsjón þess, að hér búi um alla framtíð frjáls og öllum óháð menningarþjóð, andlega og efnalega frjálsir og hamingjusamir menn. Þeirri hugsjón viljum vér allir þjóna.““⁴² Og Matthías heldur áfram.

En Ólafur gætti þess ávallt, eins og arftakar hans síðar, að festa sig ekki í pólitískar kreddur og sveigja flokkinn undir raunsæja, en frjálslynda, borgaralega stefnu. Honum tókst því að eignast „samfylgdarmenn“ úr röðum allra stétta, ekki sízt alþýðu- og miðstéttar, sem kaus jafnaðarmannaflokka öðru jöfnu á Norðurlöndum.⁴³

³⁶ Hólmfríður Grímsdóttir. *Greining á Sjálfstæðisflokknum ...*, bl.s 79.

³⁷ Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20 öld*, bls. 123.

³⁸ Birgir Kjaran. *Til varnar frelsinu*, bls. 121og 123.

³⁹ Sama rit, bls. 118-119.

⁴⁰ Matthías Jóhannessen. *Ólafur Thors: Ævi og störf I*, bls. 68.

⁴¹ Kjartan Gunnarsson. *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir*, bls. 7.

⁴² Matthías Jóhannessen. *Ólafur Thors: Ævi og störf I*, bls. 393.

⁴³ Sama rit, bls. 393.

Nýsköpunarstjórnin stóð að viðamestu velferðarlöggjöf lýðveldisins. Ólafur „skýrði [...] einnig frá því, að ríkistjórnin hefði ákveðið, að lögfest yrði „fullkomið kerfi almannatrygginga“. ...nauðsynlegt sé, að Íslendingar fylgist með nágrannaþjóðum í þessum efnum. Reynslan verði að skera úr um það, „hvort við séum bærir að standa undir kostnaði við slíka löggjöf.“⁴⁴ Í stjórnarsáttmála Viðreisnarstjórnarinnar, sem Ólafur veitti forstöðu, og stóð að verulegri útpenslu velferðarkerfisins og hækkun ýmis konar bóta, segir um fyrirætlun:

1. Að hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri.
2. Að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings.
3. Að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll.
4. Að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.⁴⁵

Við andlát Ólafs, kom annar mikilhæfur leiðtogi til skjalanna, Bjarni Benediktsson (1908-1970), en hann stýrði Sjálfstæðisskútunni til loka þess tímabils, sem hér er að mestu leyti fengist við.

Á grundvelli þess, sem að ofan er um rætt, virðist mega skipta sögu Sjálfstæðisflokksins í eftirtalin skeið: Fyrsta skeiðið: Flokknum stjórnaði aldamótakynslóðin, sem lifði íslensku „iðnbyltinguna“ frá 1904-1914, Jón Þorláksson (1877-1935) og Ólafur Thors (1892-1964). Þetta skeið er kennt við sígilt frjálsslyndi (classic liberalism) eins og það birtist í kenningum skoska heims- og hagspekingsins, Adams Smith (1713-1790).

Á öðru skeiði Sjálfstæðisflokksins sat heimskreppukynslóðin við stjórnvölinn með þá Bjarna Benediktsson (1908-1970), Gunnar Thoroddsen (1910-1983), Benjamín Eiríksson (1910-2000), Ólaf Björnsson (1912-1999), Jóhann Hafstein (1915-1980) og Birgi Kjaran (1916-1976) í fararbroddi meðal annarra, ýmist sem leiðtoga eða hugmyndafræðinga. Hugmyndafræðin og stjórn málin drógu einkum dóm af kenningum um hið blandaða hagkerfi (neoclassical economics) og mannúðarhugsun frjálsslyndra heimspekings með Engendinginn, John Stuart Mill (1806-1873) í broddi fylkingar, en hann var sem kunnugt er talmaður varkárni í velferðarforsjá.^{46 47 48}

⁴⁴ Matthías Jóhannessen. Ólafur Thors: Ævi og störf I, bls. 433.

⁴⁵ Matthías Jóhannessen. Ólafur Thors: Ævi og störf I, bls. 299.

⁴⁶ Sbr. Weintraub. „Neoclassic economics“.

⁴⁷ Hannes H. Gissurarson. *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls.35.

⁴⁸ Pétur J. Eiríksson. „Hagkerfi frjálshyggju og sósíalisma“, bls.34-35.

Aðalleiðtogiinn á þriðja skeiði flokkssögunnar var Geir Hallgrímsson (1915-1990), sem hélt í heiðri þeirri stefnu flokksins í velferðarmálum, sem mótuð hafði verið í tíð Ólafs Thors og að sumu leyti Bjarna Benediktssonar, og jafnvel bætt um betur með tilliti til fjárframlaga til málaflokksins. Þetta skeið mætti nefna „félagsumbótaofvaxtarskeiðið“. Upphaf þess miðast nokkurn veginn við 1970. Það er athyglivert, að Styrmir Gunnarsson, atkvæðamikill hugmyndafræðingur flokksins um þær mundir, taldi ekki nóg að gert í velferðarmálum.⁴⁹

Skeiðið hið fjórða í sögu Sjálfstæðisflokksins hófst á níunda áratugi síðustu aldar. Fylgið hrundi af floknum í minnisstæðum kosningum 1987. Þetta skeið má kenna við nýfrjálshyggju. Þá voru Þorsteini Pálssyni (f. 1947), Davíð Oddssyni (f. 1948) og síðar Geir Haarde (f. 1951) fengnir stjórnartaumarnir. Á þessum árum ræddu menn ákaft hlutverk ríkisins, völd stjórnmalamanna og kreppu velferðarríkisins, sem Milton Friedman (1912-2006), Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, taldi í riti sínu frá árinu 1985 „sjálfheldu sérhagsmunanna.“⁵⁰ Í aðfaraorðum rits Friedmanns bendir Jónas Halldór Haralz (1919-2012), hagfræðingur, gagnrýnni raustu á, að „[u]m meira en hálfrar aldar skeið hefur flestum Íslendingum þótt það sjálfsagt, að opinberir aðilar hefðu mikil og víðtæk afskipti af atvinnu manna og efnahag, sem væru ekki önnur takmörk sett en alþingi og ríkisstjórn sýndist á hverjum tíma.“⁵¹

Jónas minnir flokksmenn sína ennfremur á, að samkvæmt kenningum frjálshyggjunnar þurfi að endurskoða stefnuna. Því samkvæmt Friedmann „verður [hlutverk ríkisins] þá að setja þær meginreglur um eignir og viðskipti, sem markaðurinn starfar eftir, og tryggja það, að eftir þeim reglum sé farið. ... auk verndar gegn ofbeldi að utan sem innan.... lýsir hann sig [...] fylgjandi öryggisneti um þjóðlífið, er tryggi það, að enginn þurfi að líða beinan skort.“⁵²

Svanur Kristjánsson (f. 1947), stjórnálafræðingur, sem hefur rýnt í sögu Sjálfstæðisflokksins, deilir þessari skoðun Jónasar á stefnu flokksins, og gefur honum eftirgreind ummæli:

Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum verið ríkisafskiptaflokkur. Hugmyndafræði hans hefur sjaldan verið í anda hinnar klassísku frjálshyggju, þar sem litið er á ríkisumsvif sem andstæðu einstaklingsfrelsis. Þvert á móti hefur viðhorf Sjálfstæðisflokksins til

⁴⁹ Svanur Kristjánsson. „Stjórnmalaflokkar“ ..., bls.372.

⁵⁰ Friedmann. „Í sjálfheldu.“

⁵¹ Jónas H. Haralz. „Aðfaraorð“, bls. 6.

⁵² Jónas H. Haralz. „Aðfaraorð“, bls. 8.

ríkisvaldsins oftast verið heldur jákvætt; eðlilegt hlutverk þess yrði fyrst og fremst að meta út frá aðstæðum hverju sinni. ... Sjálfstæðisflokkurinn er einnig fyrirgreiðsluflokkur, flokksstarfið byggir í ríkum mæli á getu flokksins til að verðlauna þjónustu í þágu flokksins með áþreifanlegum hætti. ... Í augum flokksmanna og kjósenda er flokkurinn ótvírætt hægriflokkur.⁵³

Það ber ekki á öðru, en gljúfur sé millum hugmyndafræði og athafna Sjálfstæðisflokksins, að minnsta kosti, hvað varðar ríkisafskipti og velferðarmál.

3. Sjálfstæðisstefnan; grundvallarhugmyndafræði og lykilhugtök

Látum okkur nú bregða birtu á lykilhugtök Sjálfstæðismanna samkvæmt skilningi þeirra sjálfra. Eðli málsins samkvæmt verður lögð meginaáhersla á hugmyndir um ríkisvald, manngildi, trú og skilning Sjálfstæðismanna á kjósendum. Því það er óumdeilanlegur grundvöllur að mótun og framkvæmd velferðar- og félagsmálaflokkurinn, sem hér verður í brennidepli. Nánari greining erlendra áhrifa á hugmyndir Sjálfstæðismanna um velferð bíður þó fimmta kafla, þar sem rýnt verður í hugmyndafræðilegt eðli flokksins.

Í hinn nýja Sjálfstæðisflokk, er stofnaður var 1929, skipuðu sér á bekk þeir menn, er hvað harðast og hraðast vildu ganga fram við aðskilnað Íslands frá Danmörku. En sá aðskilnaður átti sér sem kunnugt er stað sumarið 1944. Leiðtogar og aðrir hugmyndfræðingar flokksins hafa ævinlega lagt áherslu á þjóðræki flokksmanna og íslenskt þjóðerni. Geir Hallgrímsson (1925-1990), sem sat við stjórnvöl flokksins á áttunda áratugi síðustu aldar og var forsætisráðherra frá 1974 til 1978, segir,

að Sjálfstæðisflokkurinn [eigi] sér djúpar og sterkar rætur í sögu þjóðarinnar og sjálfstæðisbaráttu. ... Þau sjónarmið, sem koma fram í stefnuyfirlýsingunni frá 1929, eru enn í dag kjarninn í stefnu Sjálfstæðisflokksins, sjálfstæðisstefnunni, enda voru þessi sjónarmið tekin upp í hina nýju stefnuyfirlýsingu flokksins á landsfundi hans í apríl árið 1963 og ítrekuð á landsfundi sl. vor [1965], en sú yfirlýsing er svohljóðandi:

Stefna Sjálfstæðisflokksins hefur frá upphafi miðað að eflingu frelsis og mannhelgi. Þess vegna vill flokkurinn: I. Varðveita og tryggja sjálfstæði og frelsi Íslands og standa vörð um tungu, bókmenntir og annan menningararf Íslendinga. II. Treysta lýðræði og þingræði. III. Vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á

⁵³ Svanur Kristjánsson. „Stjórn mála flokka“ ..., bls. 371.

grundvelli einstaklingsfrelsis og athafnafrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum. IV. Beita nútíma þekkingu og tækni, svo að auðlindir landsins verði hagnýttar í þágu þjóðarinnar. V. Skapa öllum landsmönnum félagslegt öryggi.⁵⁴

Annar leiðtoga Sjálfstæðisflokksins, Gunnar Thoroddsen (1910-1983), og forsætisráðherra á árunum 1980 til 1983, leggur eindregna áherslu á þjóðerni og þjóðareðli, sem grundvöll að hugmyndafræði flokksins og eðliseinkennum kjósenda hans. (Það hafði forveri hans á stóli forsætisráðherra, Jón Þorláksson, einnig gert. Taldi Jón frjálsslyndi dæmigerða lyndiseinkunn kjósenda Sjálfstæðisflokksins, en stjórnlyndi aftur á móti lyndiseinkunn þeirra, er hallir voru undir sameignarhyggju. Eða svo skrifar hann 1926.⁵⁵) En Gunnar segir:

Þegar þess er gætt, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur notið fylgis, sem nemur allt upp í 45% allra kjósenda, þá er ljóst, að hann nær langt inn í raðir verkamanna og annarra launamanna. Í mörgum öflugustu verkalýðsfélögunum hér á landi hefur Sjálfstæðisflokkurinn sterk ítök, á mikið fylgi og menn í stjórn. ... En einnig liggur skýringin í því, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt sér fyrir ýmsum umbótamálum fyrir almenning, umbótamálum, sem sósíalístaflokkar hafa oft reynt að tileinka sér, en sem eiga ekkert skylt við kommúnisma eða sósíalisma. Ég nefni hér almannatryggingar, skólamál, barnaheimili, leikvelli, uppeldismál, húsnæðismál.⁵⁶

Íhaldsflokkurinn, er stofnaður var 1924, hafði, eins og áður er dregið á, umbætur á stefnuskrá sinni. Hér virðist þessi málaflokkur hafa fengið á sig skýra mynd. Það vekur athygli, að Gunnar telur samhyggjumenn hafa „stolið“ þeirri hugmynd frá Sjálfstæðisflokknum, að ríkið sinni uppeldi hvers konar, tryggingum og hjálp til útvegunar húsnæðis.

Það er verulegt áhorfsmál, hvort aðstoð af þessu tagi sé í samræmi við þá trú Sjálfstæðismanna, að sjálfsstjórn sé mannum affarasælust. Birgir Kjarian, lögfræðingur, sem áður er nefndur til sögu, skrifar um „félagsviðhorf“ sjálfstæðisstefnunnar:

„Félagsviðhorf sjálfstæðisstefnunnar byggist á trúnni á manninn, þroskamöguleika hans, hæfni til þess að stjórna sér sjálfur, til að velja og hafna og til að leita sjálfur að eigin lífshamingju án þess að troða öðrum um tær eða þurfa á fyrirsögn eða handleiðslu annarra manna að halda um eigin mál.“⁵⁷ Hann telur reyndar að sjálfsbjargarhvöt og hvöt til að

⁵⁴ Geir Hallgrímsson. „Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins,“ bls. 118-120 og „Sjálfstæðisflokkurinn,“ bls. 300.

⁵⁵ Hannes H. Gissurarson. *Jón Þorláksson*, bls. 90.

⁵⁶ Gunnar Thoroddsen. „Sjálfstæðisflokkurinn“, bls. 139-142.

⁵⁷ Hannes H. Gissurarson. *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls. 68.

aðstoða náungann hafi búið um sig í þjóðareðlinu.⁵⁸ En Guð almáttugur kemur einnig við sögu: “Það er svo annað sjónarhorn, að yfirleitt aðhyllast Sjálfstæðismenn siðalögmál og viðhorf kristinnar trúar...⁵⁹ Í öðru riti sínu, *Til varnar frelsinu*, segir hann m.a. um lífsskoðun Sjálfstæðismana, „sem er allt í senn, kristileg, þjóðleg, húnánísk og félagsleg. Snarasti þáttur hennar er þó siðalögmál kristinnar trúar og boðskapur Krists um jafnrétti allra fyrir Guði.“⁶⁰

Það virðist engum vafa undirorpið, að Birgir sé fallinn frá trú fyrsta formanns flokksins, Jón Þorlákssonar, en hann trúði boðskapi Zaráþústras. Áttaviti fólks til lífshamingju er sem sagt frelsi í kristinni trú og kristnu siðferði. Bessí Jóhannsdóttir telur Sjálfstæðismenn hafa lagt áherslu á einstaklingshyggju, lýðræði, þjóðrækni, kristna trú, almennt siðgæði og félagslega samhjálp.^{61 62} Jóhann Hafstein og Birgir Kjara taka í svipaðan streng.^{63 64} En Birgir áréttar: „[Þ]að er ekki fyrst og fremst þjóðfélagið, sem ber ábyrgð á einstaklingum, heldur einstaklingurinn, sem ber ábyrgð á sjálfum sér, en þjóðfélagsins er að gera einstaklingnum fært að bjarga sér og tryggja eigin afkomu og öryggi.“⁶⁵

Það er athyglivert, að hinir yngri boðberar sjálfstæðisstefnunnar virðast aðhyllast skoðanir forvera sinna í öllum aðalatriðum. Friðrik Sophusson (1943-2006) sagði m.a.: „Einstaklingshyggja og frjálshyggja sjálfstæðisstefnunnar virðist því falla vel að lundarfari og eðliseinkunn þjóðarinnar.“⁶⁶ Eðlishyggjan um samtvinnun þjóðernis og sjálfstæðisstefnunnar virðist ljóslifandi. Annar nútímaleiðtogi Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson (f.1947), tjáir sig með eftirfarandi hætti um einkenni flokksins og forvera sína á valdastólum:

Í upphafi hafði Sjálfstæðisflokkurinn sterk og augljós einkenni. Hann var varnarvirki þjóðlegra verðmæta, siðgæðis og festu í stjórnámálum. Forystumenn hans voru um leið stafnbúar lokaskeiðsins í sjálfstæðisbaráttunni og talsmenn þess einstaklingsfrelsis, sem hvílir á þeirri raunsönnu hugmynd, að hagsmunir stéttanna í þjóðfélaginu fari saman. Sjálfstæðisflokkurinn var því sameiningarafl

⁵⁸ Birgir Kjara. „Um sjálfstæðisstefnuna“, bls.72.

⁵⁹ Birgir Kjara. „Um sjálfstæðisstefnuna“, bls. 74.

⁶⁰ Birgir Kjara. *Til varnar frelsinu*, bls. 28 og 29.

⁶¹ Bessí Jóhannsdóttir. „Frjálshyggjan og skólamálin“, bls. 94.

⁶² Birgir Kjara. „Um sjálfstæðisstefnuna“, bls.77.

⁶³ Jóhann Hafstein. „Sjálfstæðisstefnan“, bls. 35.

⁶⁴ Birgir Kjara. *Til varnar frelsinu*, bls. 68 og 69.

⁶⁵ Birgir Kjara. *Til varnar frelsinu*, bls. 75.

⁶⁶ Friðrik Sophusson. „Starf Sjálfstæðisflokksins“, bls. 148-159.

þjóðernishyggju og einstaklingsfrelsis. Hann varð fjöldahreyfing með því að leggja rækt við sameiginlega hagsmuni einstakra hópa, en ekki sérþarfir þeirra. ...⁶⁷

Sú gagnrýni liggur þó í orðanna hljóðan, að flokkurinn hafi vikið af varðaðri leið sinni, þ.e. hviki frá sannfæringu Jóns Þorlákssonar og fleiri genginna leiðtoga þess efnis, að beita skuli almennum aðgerðum til að styðja við bakið á fólki, sem taldi sig hafa sérstakar þarfir, m.ö.o. hvernig beita skuli ríkisvaldinu. Hvað hugsa sjálfstæðismenn um það?

Birgir Kjarran telur eitt meginverkefna ríkisins „að fullnægja ýmsum samþörfum þegnanna, t.d. á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, og samgöngumála o.fl.“⁶⁸ Víðtækt eftirlit fylgir því óhjákvæmilega slíkri velferðarstefnu. Þau eru staðreynd. ⁶⁹ Birgir segir raunar, að aukin velmegun skapi auknar þarfir, sem ríkisvaldið þurfi að fullnægja og þar af leiðandi sé réttlætlegt að seilast dýpra í vasa skattgreiðenda. Velferðarkerfið vex.

Vöxtur velferðarkerfisins er náttúrulögmáli líkastur. Birgir virðast ekki efast um gildi þessarar þróunar. En það gerir yngri flokksbróðir hans, Þorsteinn Pálsson. Hann segir: „Þannig hefur opinbera kerfið þanizt út meira en góðu hófi gegnir [vegna undanlátssemi við sérþarfahópa], hvort sem frjálshyggjumenn í orði eða sósíalistar hafa farið með völdin.“⁷⁰

Samkvæmt orðum Þorsteins hefur Sjálfstæðisflokkurinn misbeitt ríkisvaldinu til „sérhópavelferðar.“ Þróunin stefni í átt til velferðarsamfélags, þar sem ekki væri nóg að horfa til fullnægingar hinna almennu þarfa borgaranna, heldur einnig til sérþarfanna, sem Þorsteinn skattyrðist svo ákveðið um. Þorsteinn bendir auk þess á, að enginn munur sé í þessu efni á því, hvort sitji við stjórnvölinn „sósíalistar“ eða „frjálshyggjumenn í orði.“ Sósíalistar eru trúlega sama tegund stjórnmalamanna – eða af mjög svipuðu sauðahúsi – og Benjamín Eiríksson miklu fyrr kallaði „lýðræðissósíalista.“

Benjamín dregur hins vegar ekki dul á, að Sjálfstæðisflokkurinn eigi bókstaflega að sinna „sérþörfum“ einstakra þegna. Benjamín segir fullum fetum: „Af lýðræðissósíalistum getum vér lært það, að ríkið er tæki, sem stundum má beita með miklum og góðum árangri til þess að efla velferð borgaranna: til þess að leysa ýmis félagsleg vandamál, sem einstaklingar ráða ekki við.“⁷¹ Svipaðar hugmyndir lætur Jón Steinar Gunnlaugsson (f. 1947), lögfræðingur, í ljósi.⁷² Pétur J. Eiríksson, hagfræðingur,

⁶⁷ Þorsteinn Pálsson. „Hvað vildum við? Hvað gerðum við,“ bls. 161.

⁶⁸ Birgir Kjarran. „Um sjálfstæðisstefnuna,“ bls. 75-76.

⁶⁹ Birgir Kjarran. *Til varnar frelsinu*, bls. 78.

⁷⁰ Þorsteinn Pálsson. „Hvað vildum við? Hvað gerðum við,“ bls. 172.

⁷¹ Benjamín Eiríksson. „Ríki og ríkisvald,“ bls. 115.

⁷² Jón St. Gunnlaugsson. „Frjálshyggjan og lögin,“ bls. 28-29.

tekur aftur á móti í sama streng og Þorsteinn, hvað viðkemur skammtímahugsun um velferð og lífskjör. Hann segir m.a.:

En afleiðingarnar [af skammtímasjónarmiðum eru þær], að ríkisgeirinn hefur vaxið [1979] og orðið stærri hér en víða annars staðar, og færa má rök fyrir því, að ýmsar vörur og þjónusta hafi orðið dýrari fyrir þær sakir. Ef litið er til lengri tíma, hefur hin litla áherzla á hagkvæmnismarkmiðið leitt til þess, að laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en ella hefði orðið.⁷³

En ef orð hinna eldri hugmyndafræðinga og foringja um Íslendingseðlið hafa við rök að styðjast mun Sjálfstæðismönnum reynast torvelt að hemja örlæti í velferðarmálum, því í fyrrgreindu eðli var ekki einungis fólgin frelsisást heldur einnig einstakur félagsandi og samhjálparþörf.⁷⁴

Það er eins og Geir Hallgrímsson hafi heldur ekki velkst í vafa um, hvernig Sjálfstæðismenn vilji, að þetta margumrædda eðaleðli, umbreytist í hugmyndir Sjálfstæðisflokksins, sem aftur er undirstaða velferðarstefnu hans; skapa skal öllum þjóðfélagsborgurum félagslegt öryggi, en ætíð verður að hafa í huga, að ekki má lama sjálfsbjargarhvöt þeirra og gera þá háða ríkinu og forsjá þess.⁷⁵

Samtímamaður Geirs var Birgir Kjaran. Hann var eins og fram hefur komið, jafn sannfærður og nefndir flokksfélagar um hið sérstaka Íslendingseðli. Annað mikilvægt hugtak í þessu sambandi, þ.e. velferðarstefnuna, telur hann jafnrétti. Hann er samdóma Geiri í því, að velferðin eða hjálpin meggi ekki deyfa sjálfsbjargarhvötina.⁷⁶

Nýfrjálshyggjuboðinn, Hannes H. Gissurarson (1953), ítrekar - eins og tveim áratugum síðar, heldur en Geir og Birgir boða Sjálfstæðisstefnuna í félagsmálum – að Sjálfstæðismenn sýni samúð í stjórnmalalegu verki, en agnúast þó ofurlítið út í beitingu ríkisvaldsins. Í bókinni, *Uppreisn frjálshyggjunnar frá 1979*, segir hann: „Og frjálshyggjumenn hafa samúð með lítilmagnanum, þeir kjósa ekki atvinnuleysi eða mikinn kjaramun. En þeir telja, að frelsið sé betra tæki en valdið, þótt ríkisvaldið sé nauðsynlegt til þess að bæta bölg jarðar og að bölið sé fremur þrátt fyrir markaðinn en vegna hans.“⁷⁷

Vilhjálmur Egilsson (f. 1952), annar nafntogaður Sjálfstæðismaður af sauðahúsi nýfrjálshyggjumanna, hefur einnig áhyggjur af beitingu ríkisvaldsins. Ekki einasta ruglar

⁷³ Pétur J. Eiríksson. „Hagkerfi frjálshyggju og sósíalisma,“ bls. 43.

⁷⁴ Gunnar Thoroddsen. „Sjálfstæðisflokkurinn, stefna hans og störf,“ bls. 138-139.

⁷⁵ Geir Hallgrímsson. „Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins,“ bls. 125-127 og „Sjálfstæðisflokkurinn,“ bls.306-307.

⁷⁶ Birgir Kjaran. „Um sjálfstæðisstefnuna, bls. 77.

⁷⁷ Hannes H. Gissurarson. „Hugmyndabaráttan á Vesturlöndum,“ bls. 20.

ríkið markaðinn á velferðarsviði, heldur riðlar ríkisvaldið hefðbundnum innviðum samfélagsins og stuðlar að brúðli og óhófi. Vilhjálmur telur velferðarsamfélag nútímans hafa skapað siðferðilegan vanda og leggur í því sambandi áherslu á hugtakið nauðungarhjálp:

Velferðarríki nútímans glíma við siðferðilegan vanda. Á yfirborðinu lítur út fyrir að velferðarríkið sé í raun gott þjóðfélag og að verið sé að hjálpa lítilmagnanum, en þrátt fyrir það kemur fram siðferðileg þversögn hjá einstaklingunum. Hjálpin til lítilmagnans er í æ ríkara mæli að verða nauðungarhjálp. Fólk er neytt til að greiða skatta, sem langflestir telja alltof háa, og skatttekjunum er síðan eytt á þann hátt að nánast sérhver einstaklingur telur sig geta bent á dæmi þar sem illa er farið með peningana.⁷⁸

En þrátt fyrir ofþenslu, ofeyðslu og innviðaskemmdir þess velferðarkerfis, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið að samkvæmt orðum Vilhjálms, vill hann ekki breyta velferðarkerfinu í eðli sínu.⁷⁹ Sjálfstæðisflokkurinn virðist í aðalatriðum enn sitja við sinn keip í velferðarmálum.

4. Velferðarhugmyndafræði og kjörfylgi flokka fjórflokkakerfisins

Flokkarnir fjórir sóttu lýðræðislegt umboð sitt og afl til þjóðarinnar. Baráttan stóð um, hver hreppti ríkisvaldið. Það var vitanlega lykillinn að löggjöf um velferðina. Hér verður skoðað hvernig skírskotað var til almennings í stefnuskrám þeirra og hvernig sú skírskotun endurspegladist í fylginu. Eðli málsins samkvæmt verður lögð aðaláhersla á Sjálfstæðisflokkinn.

Það liggur við borð, að við mótun velferðarstefnunnar og útfærslu hennar við stjórn lýðveldisins hafa áhrif Sjálfstæðisflokksins legið víða og að kjörfylgi hans er sótt til flestra kima samfélagsins. Flokkurinn lagði ofuráherslu á að ná ítökum í verkalýðshreyfingunni eins og ræða flokksforingjans, Ólafs Thors, á Alþingi 1939 ber með sér: “Það verður ekki komist hjá því að ef sjálfstæðismenn fá ekki jafnrétti á við aðra menn í verkalýðsfélagunum, þá eru afleiðingar augljósar, fyrst og fremst þær, að sjálfstæðismenn taki sig út úr og stofna einir félagsskap.”⁸⁰ “Hótanir” Ólafs gengu eftir árið 1940.⁸¹

⁷⁸ Vilhjálmur Egilsson. *Velferðarþjóðfélag á villigötum*, bls.11.

⁷⁹ Sama rit, bls. 18.

⁸⁰ Hannes H. Gissurarson. „Stofnun Sjálfstæðisflokksins,“ bls. 182.

⁸¹ Emil Jónsson. „Alþýðuflokkurinn“ ..., bls.228.

Raunar var það svo, að þegar árið 1938 hafði málfundafélagið, Óðinn, verið stofnað. Það var fyrsta hreina Sjálfstæðismannaverkalýðsfélagið. Tveim árum síðar sameinuðust tólf slík félög í Landsambandi sjálfstæðisverkamanna og sjómanna.⁸²

En baksvið fyrrgreindra ummæla forsætisráðherra var sú staðreynd, að Alþýðuflokkur og verkalýðshreyfing voru að miklu leyti spyrnt saman. Orð Ólafs gengu eftir í stríðsbyrjun, þegar tengsl verkalýðsfélaga og Alþýðuflokks voru rofin og Sjálfstæðismenn, frjálshyggjumenn í verkalýðsstétt, náðu undirtökum víða í verkalýðshreyfingunni og hlutuðust til um “heilbrigða þróun efnahagsmála” eins og Halldór Blöndal (f. 1938), fyrrum ráðherra flokksins, orðar það. „Þessar staðreyndir hafa kennt okkur, að jákvæð afstaða verkalýðshreyfingarinnar er forsenda þess, að unnt sé að stuðla að heilbrigðri þróun efnahagsmála. ... Í þessu efni sem mörgum öðrum ruddi Viðreisnarstjórnin veginn á sjöunda áratugunum.“⁸³ Áhrif Sjálfstæðisflokksins í launþegahreyfingunni hafa verið ægisterk allar götur síðan. Hún hefur verið eins konar bakhjarl Sjálfstæðisflokksins í stjórnámálum. Nægir þar að nefna Landssamband íslenskra verzlunarmanna.

Í ljósi þess, að í stjórnámálum þessara tíma og reyndar allan líftíma fjórflokkakerfisins, buðust hinum mismunandi atvinnustéttum margir valkostir. Sósíalístaflokkurinn og síðar Alþýðubandalagið boðuðu verkalýðnum völd og aukin laun, Framsóknarflokkurinn boðaði samvinnu almúgans án arðráns. En svo virðist engu að síður, að fólk úr öllum stéttum hafi laðast að boðskapi Sjálfstæðisflokksins, sem meitlaður var í kjörorðunum „Ísland fyrir Íslendinga“ og „stétt með stétt.“ Mér er minnisstætt, að ég spurði langömmu mína, um þær mundir, þegar áhugi minn á stjórnámálum vaknaði á sjöunda áratugi síðustu aldar, hvað hún kysi. „Ég hef nú alltaf verið Sjálfstæðismanneskja, drengur minn,“ svaraði þá gamla konan, fædd árið 1879. Svarið hefur síðan valdið mér heilabrotum. Ég vissi sem var, að gamla konan hafði hrakist undan vindum kreppu og kreppustjórnamála og átti oft ekki málungi matar. En samt kaus hún Sjálfstæðisflokkinn og sendi mig með drjúgan hluta ellilífeyrisins, sem sparlega var skammtaður, til byggingarsjóðs Hallgrímskirkju.

Í ljósi kjörfylgis Sjálfstæðisflokksins á tíma fjórflokkakerfisins má skýrt vera, að flokkurinn hefur sótt fylgi sitt m.a. til fólks með sömu viðhorf og langamma mín heitin. Hvað veldur? Boðskapur flokksins um að vera eins konar verndari kristinnar trúar, siðgæðis og sjálfstæðis, kann að hafa látið vel í eyrum Íslendinga, sem nær allir studdu

⁸² Hannes H. Gissurarson. „Stofnun Sjálfstæðisflokksins,“ bls. 178 og 184 og Svanur Kristjánsson. *Sjálfstæðisflokkurinn...*, bls. 38.

⁸³ Halldór Blöndal. „Af sjónarhóli launþega,“ bls. 85.

þjóðfrelsisbaráttuna. Svanur Kristjánsson (f. 1947), stjórnmálafræðingur, reifar áþekkar vangaveltur:

Í Sjálfstæðisflokknum tengdust sveitamenn og bæjarbúar á sama hátt og fyrrum í Heimastjórnarflokknum: eignamenn, bændur, millistéttin og hluti verkalyðsstéttarinnar. Þessar stéttir höfðu allar unnið saman áður að sjálfstæðismálinu. Hin pólitíska barátta borgaranna og bænda beindist að mestu að auknu innlendu sjálfsforræði. Stéttarstaða bænda og eignamann var um margt svipuð. Báðar stéttir áttu eignir, réðu til sín launavinnufólk og báðar voru háðar lánnum ríkisbankanna. ... Bandalag bænda og eignamanna innan sjálfstæðisflokksins styrkist enn fremur vegna hugmyndafræðinnar, en þar var bændum og eignamönnum skipað skör hærra en verkafólki.⁸⁴

Það hefur vafalaust einnig skipt máli, að iðnbylting eins og hún er kunn úr sögu meginlands Evrópu og BNA, átti sér aldrei stað á Íslandi, þar sem vistarbandið var óslitið í raun fram undir aldamótin nítján hundruð og húsagaskipunin gagnsýrði ennþá hug og hjarta alþýðunnar. Bændur voru eins konar forstjórar eða feður, búaliðið jafnvel talið til barna þeirra. Guðmundur Hálfðánarson (f. 1956), sagnfræðingur, tekur í sama streng.⁸⁵ „Íslenska bændasamfélagið var [því] að mörgu leyti fyrirmyndaríhaldssamfélag, þar sem breytingar voru hægar og hver kynslóð tók við af annarri líkt og í óendanlegri röð,“ segir Guðmundur.⁸⁶

Það var innræting tengd þessari samfélagsgerð, sem endurómaði í kenningum íhaldsmanna. Á henni vildu þeir reisa hið nýja Ísland, þ.e. sjálfstætt ríki höfðingja, sem hefðu forsjá fyrir lýðnum, dýrkuðu þjóðerni sitt, Krist og hina helgu mey. Stéttir skyldu standa saman. Þessi innræting var auðséð í fari langömmu minnar heitinnar. Nefndir höfðingjar komu flestir úr bændastétt, skipuðu sér í raðir Íhaldsflokksins og urðu ráðandi í atvinnulífi landsmanna og embættismannastétt. Vel má því vera, að eiginhagsmunir hafi legið að baki áhuga þeirra á sjálfstæði þjóðarinnar. Þjóðernisáhuginn kann jafnframt að hafa verið eins konar áróðursbragð í þessu skyni. Fyrirnefndur Guðmundur hugsar í þessu efni: „Verndun íslensks þjóðernis, eða varðveisla þess sem greindi Íslendinga frá öðrum þjóðum, varð þess vegna í eðli sínu háð velferð og valdi bændastéttarinnar, og, þar með, viðhaldi hefðbundinna atvinnu- og lífhátta.“⁸⁷

⁸⁴ Svanur Kristjánsson. *Sjálfstæðisflokkurinn...*, bls. 30.

⁸⁵ Guðmundur Hálfðánarson. „Íslensk“ ..., bls. 43. Svipaðar vangaveltur lætur Einar Benediktsson raunar í ljósi, þegar árið 1897 í blaði sínu, Dagsbrún. Sbr. Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar* ..., bls. 242.

⁸⁶ Sama rit, bls. 42.

⁸⁷ Guðmundur Hálfðánarson. „Íslensk“ ..., bls. 52.

Með sömu rökum og áður má gera ráð fyrir tiltölulega miklu kjörfylgi kvenna. Sjálfstæðisflokkurinn beindi sérstökum áróðri til kvenna og konur buðu jafnframt fram til Alþingis. Sem kunnugt er var fyrsti kvenþingmaður Íslendinga, hin gagnmerka Ingibjörg H. Bjarnason (1867-1941), kosin á þing árið 1922. Ingibjörg átti stjórnmalalegar rætur til Kvinnalistans gamla, sem á sínum tíma hlaut mikið kjörfylgi að tiltölu, en lagði svo upp laupana. Hún var einn stofnanda Íhaldsflokksins. Vafalaust hefur hún höfðað til kvenna, sá skörungur sem hún var. En kvenskörungar voru vafalítið vinsælir með íslenskri þjóð, sem dáði fornhetjur sínar einlægt. Kvenhetjur vorar skirrtust ekki við að beita vopnavaldi, þegar svo bar undir, en á fyrstu árum tuttugustu aldar var að ýmsu leyti kynnt undir því kristna viðhorfi, að mikilvægi konunnar fælist í uppeldi kynslóðanna. Þetta var t.d. sjónarmið í kvannahreyfingunni. Konum sæmdi varla að standa í illvígum átökum eða styðja flokka, sem boðuðu blóðugar byltingar. „Í málflutningi sínum til kvenna skírskotaði Sjálfstæðisflokkurinn til andstöðu sinnar við pólitísk átök. Hann lýsti hinum flokkunum sem sundrungar- og átakaöflum. Flokkurinn lagði sérlega áherslu á, að konur hefðu sérstöku hlutverki að gegna í þjóðfélaginu,“ segir Svanur.⁸⁸ Í Morgunblaðinu gaf að lesa boðskap eins og: „Þegar konur starfa saman eins og góðar systur, sem einum huga vilja efla heill og heiður þjóðar sinnar, þá komast pólitísku deilurnar ekki að.“ ... Eða: „Það hefur einnig réttilega verið bent á, að það eru ekki fyrst og fremst lög og landsstjórnir, sem gera gæfumun þjóðanna, heldur konan – heimilin ...“⁸⁹ Árið 1930 tjáði einn kvenframbjóðenda Sjálfstæðisflokksins sig með eftirfarandi hætti: „En þeir eru sjálfsagt æði margir, ekki síst meðal kvenkjósenda, sem sjá fullvel kost og löst á öllum okkar pólitísku flokkum, og álíta, að flokka-pólitík og flokkahatur sje átumein þjóðfélagsins ...“⁹⁰ „Það er nokkuð öruggt, að flest atkvæði Kvinnalistans hafi síðar lent hjá Sjálfstæðisflokknum,“ segir Svanur.⁹¹

Tiltölulega mikið fylgi „hinna vinnandi stétta“ og því einnig kvenna, endurspegladist ekki í samsetningu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Af þrjátíu þingmönnum flokksins á árunum 1931-1942 voru eða höfðu þrettán þeirra verið háttsettir opinberir starfsmenn. Einungis tvær konur úr Sjálfstæðisflokknum komust á þing á þessum árum. Ljóst er, að Alþingismenn flokksins komu helst úr röðum menntamanna, atvinnurekenda (þar með taldir betur stæðir bændur) og embættismanna. Sama má um forystusveitina segja.⁹²

⁸⁸ Svanur Kristjánsson. *Sjálfstæðisflokkurinn...*, bls. 31-32.

⁸⁹ Sama rit, bls. 31.

⁹⁰ Sama rit, bls. 34.

⁹¹ Sama rit, bls. 32-33

⁹² Ólafur Ragnar Grímsson og Hallgrímur Guðmundsson, „Niðurstöður“ ..., bls. 133-134.

Gunnar Karlsson vekur athygli á eins konar samvexti efnaðri hluta bændastéttar og embættismannastéttar í sögu Íslands milli siðaskipta og atvinnubyltingar. Flestir embættismenn komu úr röðum betri bænda og í ljósi þess, að vistráðið fólk eignaðist tiltölulega fá börn, má ætla, að bændur hafi staðið að miklu leyti fyrir endurnýjun þjóðarinnar. Menningin var m.a. af þessum sökum samleitinn og stéttarhugsun óljós. „[M]enning Íslendinga varð tiltölulega einsleit – allir ortu sams konar rímur – og þátturinn stétt hefði vegið hlutfallslega létt í sjálfsmynd þeirra en þátturinn þjóðerni að sama skapi hlutfallslega þungt,“ segir Gunnar.⁹³ Íslenskir embættis- og menntamenn, ásamt bændum, miðluðu erlendum menningarstraumum eins og velferðarhugmyndum til þjóðarinnar. Svo var einnig um þjóðernisstefnuna, sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði ofuráherslu á. „Þegar boðskapur pólitískrar þjóðernisstefnu barst til Íslands á fyrri hluta 19. aldar hefur hann einkum fundið sér jarðveg í þessari sameiginlegu menningu menntamanna og sæmilega stæðra bænda.“⁹⁴

Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi, að í jarðvegi öflugrar – jafnvel ofstækisfullrar þjóðernishyggju – spruttu sömu blóm og á umrótstímunum á meginlandi Evrópu eftir fyrri heimstyrjöldina – blóm nasista og fasista. Stefnuskrá Flokks þjóðernissinna um velferðarmál svipar yfirleitt í flestu til hugmyndafræði og stefnu Sjálfstæðisflokksins.⁹⁵

Úr hvaða jarðvegi er sprottin víðtækur stuðningur kvenfrelshreyfingar, verkalýðshreyfingar og nasistahreyfingar við Sjálfstæðisflokkinn? Skyggnust betur um svið þjóðmálanna áratugina sitt hvoru megin við aldamótin 1900 til að varpa ljósi á það.

Tilkoma nýrra fjöldahreyfinga til viðbótar verkalýðshreyfingunni blasa við; t.d. bindindishreyfingin eða bindindisreglan, ungmennafélagshreyfingin, sem sótti hugmyndafræðilegt fóður sitt til danskrar þjóðernishyggju, skátahreyfingin og hreyfing kristinna ungmenna. Það er sameiginlegt öllum þessum hreyfingum, að á hugmyndafræðilegan „gunnfána“ þeirra er „letraður“ boðskapur um auðsveipni við valdhafa, dýrkun Krists, dýrkun íslensks þjóðernis ásamt dýrkun líkama og sálar. Skipulag flestra þeirra dregur dóm af einhvers konar hermennsku, sem er greinilegust í skátahreyfingunni og bindindisreglunni. Svo er að sjá, að hugmyndafræðilega séð hafi hreyfingar þessar og Sjálfstæðisflokkurinn fallist í faðma meira eða minna. Aukin heldur

⁹³ Gunnar Karlsson. „Uppruni íslenskra menntamanna“..., bl.s 241.

⁹⁴ Sama rit, bls. 255.

⁹⁵ Ásgeir Guðmundsson. „Nazismi á Íslandi,“ ..., bls. 11-12.

voru margháttuð, samtvinnuð skipulags- og einstaklingstengsl millum þeirra.^{96 97 98 99 100}
101 102 103 104 105 106 107 108 109 110 111 112 113 114 115 116 117 118 119 120 121 122 123 124 125

Þegar hugmyndafræði og starf ofangreindra fjöldahreyfinga er brotið til mergjar, virðist ljóst, að stefna Sjálfstæðisflokksins, hefur þar haft djúpan hlómgrunn og mótað þann jarðveg, sem telja má líklegt, að kjörfylgi flokksins sé að töluverðu leyti sprottið úr.

En hvernig var fylgi hinna fjórflokkanna háttað og hver var ríkjandi hugmyndafræði þeirra? Hvað einkenndi fjórflokkakerfið öðru fremur? Skrif forustumanna þeirra verða nú skoðuð í kastljósi yngri fræðimanna.

Fyrsta stefnuskrá Alþýðuflokksins birtist árið 1915. Hún er talin samin af Ólafi Friðrikssyni (1886-1964) og Jónasi Jónssyni (1885-1968) frá Hriflu.¹²⁶ Lögð er áhersla á jöfnuð og baráttuna fyrir því, „,að sú skifting á landslýðnum í ríka og öreiga, sem er í flestum mentalöndum, verði á Íslandi.““ En ljómi fornar frægðar og þjóðernishyggju er nálæg eins og hjá hugmyndafræðingum Sjálfstæðisflokksins.¹²⁷ Sömu áherslur hefur hinn

⁹⁶ Brynleifur Tóbiasson. *Bindindishreyfingin ...*, bl.s 62

⁹⁷ Sama rit, bls. 54-55.

⁹⁸ Sama rit, bls. 72

⁹⁹ Gils Guðmundsson. *Ævintýramaður ...*, bls. 78.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 191.

¹⁰¹ Brynleifur Tóbiasson. *Bindindishreyfingin ...*, bls. 86 – Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir og Dröfn Sigurbjörnsdóttir. „Þorbjörg Sveinsdóttir.“

¹⁰² Brynleifur Tóbiasson. *Bindindishreyfingin*, bls. 116 – Anna Kristín Sigurðardóttir. Sigríður Þorsteinsdóttir. „Sigríður Þorsteinsdóttir.“

¹⁰³ Sama rit, bls. 125-126.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 103, 126.

¹⁰⁵ Brynleifur Tóbiasson. *Bindindishreyfingin...*, bls.147.

¹⁰⁶ Gunnar Kristjánsson. *Ræktun lýðs ...*, bls. 89.

¹⁰⁷ Sama rit, bls. 90.

¹⁰⁸ Bragi Jóseppsson. „Um uppeldiskenningar“ ..., bls. 85.

¹⁰⁹ Guðmundur Hjaltason. *Æfisaga ...*, bls. 372-373.

¹¹⁰ Guðmundur Hjaltason. *Æfisaga ...*, bls. 387.

¹¹¹ Guðmundur Hjaltason. *Æfisaga ...*, bls. 388-389.

¹¹² Blegtrup, H. N.F.S. *Grundtvig*, bls. 3-4.

¹¹³ Bjarni Jónsson. *Séra Friðrik Friðriksson*, bls. 147-151.

¹¹⁴ Magnús Runólfsson. *K.F.U.M. ...*, bls. 67

¹¹⁵ Magnús Runólfsson. *K.F.U.M. ...*, bl.s 57.

¹¹⁶ Friðrik Friðriksson. *Undirbúningsárin...*, bls.51.

¹¹⁷ Friðrik Friðriksson. *Starfsárin I*, bls. 53.

¹¹⁸ Sama rit, bls. 53.

¹¹⁹ Jón Valur Jensson. „Þorbjörg Sveinsdóttir.“

¹²⁰ Sigurður Thorlacius. „Skátafélögin“ ..., bls. 34

¹²¹ Aðalsteinn Sigmundsson. „Skátahreyfingin“, bls. 52.

¹²² Steingrímur Arason. „Skátauppeldi“, bls. 67.

¹²³ Guðrún Johnson. „Svo morguninn eftir“..., bls. 18 – Kjartan Ólafsson og Viðar Halldórsson. „Skátastarf“..., bls. 5.

¹²⁴ *Morgunblaðið* 8. september 1925.

¹²⁵ Collins, T. „Return to manhood.“ - Arragon. L.V. „Robert Baden-Powell.“ – Hitchens, C. „Young men in shorts.“ – Bronski, M. „A queer history.“ – Crawford, P. „Politics and history“. – Duke, Barry. „The Truth“...

¹²⁶ Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar ...*, bls. 249.

¹²⁷ Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar*, bls. 248-249

margreyndi foringi Alþýðuflokksmanna, Alþingismaður og ráðherra margra málaflokka, Emil Jónsson.^{128 129} Samkvæmt útlistunum Emils er vart að sjá, að hnífurinn gangi milli hans og hugmyndafræðinga Sjálfstæðismanna um velferð og mannréttindi; öllum, þ.e. heilum og vanheilum, skal tryggð viðunandi afkoma, réttur til „ókeypis“ heilbrigðisþjónustu og menntunar, réttur til viðráðanlegs húsnæðis, tryggð ábatasöm atvinna og jöfn tækifæri til þroskunar og hamingju, að ógleymdri vernd fyrir ofríki og kúgun, ásamt örvun við menningu og listir. Annar valinkunnur foringi jafnaðarmanna, fyrrum ráðherra félags- og menntamála og fleiri málaflokka, Gylfi Þorsteinn Gíslason, hagfræðingur, tekur í sama streng: „Ágreiningur jafnaðarmanna og einkarekstursmanna lýtur ekki að gildi mannréttinda í þjóðfélaginu, heldur að hinu, hver áhrif ríkisvalds annars vegar og markaðsafla hins vegar skuli vera,“ Og síðar: „Þeir eru sammála um gildi jafnaðar í stjórnkerfinu og að markaðsviðskipti hafi hlutverki að gegna í hagkerfinu.“¹³⁰

Gylfi útfærir nánar hugmyndir Alþýðuflokksmanna um félagsmálastefnu (social politik) og beitingu ríkisvaldsins.

Með félagsmálastefnu er átt við sérhverjar þær ráðstafanir, sem gerðar eru í viðurkenningu þess, að um sé að ræða samábyrgð allra manna innan sama þjóðfélags. Í því felst fyrst og fremst, að hið opinbera eigi að beita sér fyrir ráðstöfunum til stuðnings og samhjálp, þegar starfsorka manna skerðist, þverr eða verður verðlaus. Ráðstafanir í félagsmálum hljóta að snerta aðra þætti þjóðfélagsins, svo sem ráðstafanir í efnahagsmálum og menntamálum.¹³¹

Gylfi fer ekki í grafgötur með nauðsyn þess að beita ríkisvaldinu í þessa veru frekar en Sjálfstæðismenn: „Helzta tækið, sem ríkisvald hefur til tekjujöfnunar, er víðtækt kerfi almannatrygginga, í tengslum við opinbera heilbrigðisþjónustu og menntunaraðstöðu, ásamt tekjujafnandi tengslum við skattkerfið.“¹³²

Varla er jafnaðarmönnum og frjálshyggjumönnum unnt að komst nær því að fallast í faðma um sömu skoðun á velferðarstefnu og kosti blandaðs hagkerfis.¹³³

Skoðum nú, hvað Sósíalistaflokkurinn hafði um stefnu sína að segja. Einar Olgeirsson, sem var helsti foringi flokksins, Alþingismaður og ráðherra um árabil, segir flokk sinn lýðræðisflokk, þ.e. baráttan um ríkisvaldið eigi sér stað í kosningum. Helstu

¹²⁸ Emil Jónsson. „Alþýðuflokkurinn,“..., bls. 229.

¹²⁹ Sama rit, bls. 233-234.

¹³⁰ Gylfi Þorsteinn Gíslason. *Jafnaðarstefnan*, bls. 19 og 27.

¹³¹ Sama rit, bls. 64-65.

¹³² Sama rit, bls. 132.

¹³³ Sama rit, bls. 143.

baráttumál jafnhliða kaupgjaldsbaráttunni eru hvers konar alþýðutryggingar, stytting vinnutíma og orlof, öryggi á vinnustöðum og trygging ungra sem gamalla gegn vinnubrælkun, og róttækri löggjöf í húsnæðismálum.¹³⁴

Það er vandséð af þessum orðum, hver hinn eiginlegi munur sé á stefnuskrám flokkanna þriggja um velferð þegnanna. Og ekki ber á öðru, en Sósíalistaflokkurinn finni kjarna frelsisins á sama staði og hugmyndafræðingar Sjálfstæðisflokksins, þ.e. í eðli Íslendinga. Einar segir:

Og fyrir sósíalismann á Ísland hina æskilegustu þjóð til að framkvæma sósíalismann hjá, með því frelsi, sem er innsti kjarninn i hugsjón sósíalismans, því öll arfleifð vor Íslendinga hefur innrætt oss ást á jöfnuði og frelsi, en andúð á yfirstétt og ríkisvaldi, en þetta hvort tveggja vill sósíalisminn afnema til þess að skapa það „samfélag mannanna, þar sem frjáls þróun einstaklingsins er skilyrðið fyrir frjálsri þróun heildarinnar.“¹³⁵

Eysteinn Jónsson hefur svipaða stöðu í eigin flokki, Framsóknarflokki, og í þjóðmálum eins og fyrrnefndir leiðtogar. Eysteinn tekur í sama streng og leiðtogar hinna flokkanna þriggja. Framsóknarflokkurinn sprettur úr sjálfstæðiseðli Íslendinga. Byggja skal sannkallað frjálst lýðræðis- og menningarþjóðfélag efnalega sjálfstæðra manna, sem leysa sameignleg verkefni eftir leiðum samtaka, samvinnu og félagshyggu. Manngildið er metið meira en auðgildið, og vinnan, þekkingin og framtakið er sett ofar og látið veða meira en auðdýrkun og fésýsla.¹³⁶ Og engin vafi skal leika á, að „[f]ramsóknarmenn stefna að fullkominni félagsmálalöggjöf og markmiðið er öryggi fyrir alla.“¹³⁷

Enn þá er hvergi ljóst, hver sé eiginlegur ágreiningur innan fjórflokkakerfisins. Samstarf við þau öfl, sem að ofan getur, átti sér eftirminnilega stað í svonefndri þjóðarsátt í ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksmanna. Vissulega hefur Framsóknarflokkurinn átt hlutdeild í þeirri sátt sem og í byggðamálum, auðlindanýtingarmálum og síðast en ekki síst, velferðarmálum. Raunar leggur Eysteinn áherslu á þátttöku og ábyrgð á stjórnarstefnu íslenskra stjórnvalda allt frá 1927 og þar til 1958, en á þeim tíma voru hornsteinar velferðarstefnu íslenskra stjórnvalda lagðir.¹³⁸

¹³⁴ Einar Olgeirsson. „Sósíalistaflokkurinn“ ..., bls. 279-280.

¹³⁵ Sama rit, bls. 293.

¹³⁶ Eysteinn Jónsson. „Framsóknarflokkurinn“ ..., bls. 265.

¹³⁷ Sama rit, bls. 258.

¹³⁸ Sama rit, bls. 254.

Þessi orð Eysteins gætu bent til þess, að ágreiningsmál innan fjórflokkakerfisins hafi í raun verið takmarkaður, stefnumálin að miklu leyti sami grautur í sömu skál.

Málflutningur þingmanna ætti að gefa frekari vísbendingar.¹³⁹

Þegar rýnt er í ræður þingmanna og viðeigandi nefndarálit á því skeiði, sem þáttaskil verða í mótun alþýðutrygginga- eða almannatrygginga, er varla unnt að greina nokkurn efnislegan ágreining um aðalatriði meðal þingmanna. Ágreiningur var að vísu um lögfestingu og útfærslu atvinnuleysistrygginga, hvort tveggja í stjórn og stjórnarandstöðu, í sambandi við setningu fyrstu alþýðutryggingalaganna. Sjálfstæðisflokkurinn vildi heldur greiða fólki laun fyrir atvinnubótavinnu, þ.e. atvinnutryggingar, í stað þess að skylda hið opinbera til að greiða hluta atvinnuleysisbóta. En vilji Sjálfstæðismanna stóð engu að síður skýrt til lagasetningar um velferð. Í umræðum á Alþingi 5. des. 1935 segir Sjálfstæðismaðurinn, Thor Thors (1903-1965):

Ég vil minna á það, að á haustþinginu 1934 bárum við fram þingsályktunartillögu um það, að sett yrði sérstök nefnd, með einum manni úr hverjum hinna fjöggra þingflokka og einum, sem ráðherra skipaði, til að undirbúa nýja fátækralöggjöf og tryggingalöggjöf. Við vildum sýna með þessu, að við værum reiðubúnir til samvinnu í þessum málum. En sósíalistar [Alþýðuflokkurinn], með hæstvirtan atvinnumálaráðherra [Harald Guðmundsson] í fararbroddi, svæfðu þetta mál, ...“

Degi síðar, segir hann: „Það hefir ekki verið deilt um það, hvort taka beri upp tryggingar hér á landi. Deilurnar hafa fyrst og fremst staðið um atvinnuleysistryggingarnar.“¹⁴⁰

Samflokksmaður hans, Garðar Þorsteinsson (1898-1947), samsinnir: „[E]r það á

¹³⁹ Hér er einkum átt við umræður á árinu 1935; þegar fyrsti samstæði tryggingalagabálkurinn er lögtekinn á valdatíma stjórnar hinna vinnandi stétta (Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur); þegar sami lagabálkur er endurskoðaður (einkum) árið 1943 á valdatíma utanþingsstjórnar Björns Þórðarsonar (1879-1963) og á valdatíma nýsköpunarstjórnarinnar (Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Sósíalístaflokkur) 1944 til 1946. Dæmi: Sjálfstæðismaðurinn, Gísli Jónsson (1889-1970), kvartar í ræðu 11. nóvember 1943 undan því, að fulltrúa atvinnurekenda vantaði í nefnd, er ræða skyldi nýtt frumvarp til laga um alþýðutryggingar. Bjarni Benediktsson (1908-1970) andmælir félagsmálaráðherra í ræðu 29. mars 1943, þess efnis, að heillavænlegra sé, að fólk bjóði húsnæði sitt til leigu af frjálsum og fúsum vilja, heldur en, að það sé útleigt samkvæmt lagaboði. Flokksbróðir hans, Guðmundur Í. Guðmundsson (1909-1987), telur aftur á móti í ræðu 3. mars á sama ári, að valdboð sé nauðsynlegt. Sjá t.d. einnig eftirtalдар ræður: Brynjólfur Bjarnason (1898-1989), Sósíalístaflokki, 1. apríl 1942; Gísli Jónsson (1889-1970), Sjálfstæðisflokkur, 11. nóvember 1943; Haraldur Guðmundsson (1892-1971), Alþýðuflokkur, 11. nóvember 1943; Ennfremur; nefndarálit (794) 12. apríl 1946 og nefndarálit (935), 20. apríl 1946.

¹⁴⁰ Thor Thors. *Alþingistíðindi* 1935. (Umræður um alþýðutryggingar.)

stefnuskrá okkar sjálfstæðismanna að koma á almennum tryggingum, en þau skilyrði eru sett frá okkar hendi, að löggjöf um þau efni sé byggð á almennum tryggingagrundvelli.¹⁴¹

Magnús Torfason (1868-1948) úr Bændaflokki („Framsóknarflokki“) tekur undir þetta.

Eftirfarandi orð hans endurspegla orðræðuna vel:

Aftur á móti eru atvinnuleysistryggingarnar nýtt fyrirbrigði hjá þessari þjóð. ... að ég teldi það verra, ef þyrfti að taka upp atvinnuleysistryggingar eins og gert hefði verið í öðrum löndum. ... Ég játa, að ég hafði ekki búið við því, að atvinnuleysistryggingarnar væru teknar með hér. Þær eru annars eðlis en hinn hluti lagabálksins og hefðu því vel mátt geymast. ... líta mætti svo á, að ekki hefði borið mjög bráðan að hendi með setningu þessara laga, en aftur á móti hefði mátt athuga, hvort ekki mætti fara lengra á þeirri braut, að auka atvinnu manna, og segi ég þetta sakir þess, að ég hefði spurt menn úr ýmsum flokkum um það, hvort þeir kysu frekar atvinnuleysistryggingar eða atvinnutryggingar, og voru allir, sem ég átti tal við um þetta, að undanteknum einum úr flokki sameignarmanna, á einu máli um það, að kjósa heldur atvinnutryggingar. ... hefði mér fundizt réttara og eðlilegra, að kröfurnar um þetta atriði [atvinnuleysistryggingar] hefðu komið neðan frá alþýðunni sjálfri, en ekki frá foringjum stjórnmalaflokkanna.¹⁴²

Einn stjórnarliða, Bergur Jónsson (1898-1953), úr Framsóknarflokki, talar spámannlega, og tekur undir málflutning Sjálfstæðismanna:

Hvar ætla þeir [stjórnarflokkarnir] að taka þessar tekjur til handa ríkissjóði eftirleiðis, eða að einu ári liðnu? Og ekki aðeins það, heldur um áraraðir og áratugi, því að gjöldin til tryggingamálanna eru varanleg og fara vaxandi. Þegar sett er slík löggjöf sem þessi, þá er sannarlega ástæða til fyrir stjórnarflokkana að líta lengra en niður fyrir tærnar á sér, eða aðeins eitt ár fram í tímann. Það verður að finna einhver ráð til þess að standa straum af þessari löggjöf í framtíðinni; en mér virðist fullt útlit fyrir, að því sé stefnt í fullkomna tvísýnu.

Sjálfstæðismaðurinn, Eiríkur Einarsson (1885-1951), leggur áherslu á einhug allra flokka um tryggingalöggjöfina:

Í meginatriðunum eru allir sammála um, að örorkutryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar séu nauðsynjamál. ... Um þessi atriði eru allir á einu máli, og ef einn vill þar yfirstíga annan, þá fer það eftir lagni við málflutning og tungumýkt, hvað honum tekst að telja kjósendum trú um, þegar hann vill koma því inn íhuga þeirra, að

¹⁴¹ Garðar Þorsteinsson. *Alþingistíðindi* 1935. (Umræður um alþýðutryggingar.)

¹⁴² Magnús Torfason. *Alþingistíðindi*. (Umræður um alþýðutryggingar.)

þetta sé hans mál og að það sé sérstaklega hann og hans flokkur, sem beiti sér fyrir því. ... Ég [játa] fúslega, að þegar fátækur maður, sem hefir fyrir heimili að sjá, hefir orðið atvinnulaus og bjargarskortur er orðinn á heimili hans, þá [er] æskilegra að einhver trygging sé til af hálfu hins opinbera.¹⁴³

Það virðist eins og ljóst má vera, ríkja tiltölulegur einhugur um velferð á Alþingi. Stjórnmaláfræðingar hafa leitað skýringa á málefnalegri samstöðu flokkanna. Til dæmis bendir Ólafur Ragnar Grímsson (f. 1943) á, að íslensk samfélagsþróun á efri hluta nítjándu aldar, þar sem endurheimt sjálfstæðis stóð í brennidepli og nútímaleg atvinnuvæðing var skammt á veg komin, hafi að mörgu leyti verið sérstakur jarðvegur fyrir vöxt stjórnmalaflokka. Sjálfstæðisflokkurinn er sérstaklega nefndur til sögu. Í formála að BA ritgerð Hallgríms Guðmundssonar um uppruna Sjálfstæðisflokksins, segir Ólafur Ragnar m.a.,

að áðurgreindar aðstæður skópu skilyrði fyrir flokkakerfi, sem í ýmsum veigamiklum atriðum reynist mjög frábrugðið öðrum norrænum flokkakerfum. Sérkenni íslenska flokkakerfisins birtast hvað skýrast í stöðu Sjálfstæðisflokksins, uppruna hans og sögu, innri gerð og stefnugrundvelli, áhrifamætti og hagsmunatengslum, forystusveit og fylgi.¹⁴⁴

Svanur Kristjánsson telur, að þá flokkadeiglu, sem fjórflokkakerfið er sprottið úr, megi rekja alveg aftur til 1916, þegar Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur sáu dagsins ljós. Hins vegar tók kerfið á sig þekkta mynd í kosningunum 1942. Svanur gerir þannig grein fyrir skoðun sinni:

Fjórflokkakerfið mótaðist á árunum 1916-1942. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru stofnaðir árið 1916, Sjálfstæðisflokkurinn 1929, Kommúnistaflokkurinn árið 1930 og Sósíalistaflokkurinn árið 1938. Í kosningunum 1942 hlutu flokkarnir fjórir kjörfylgi sem breyttist lítið næstu þrjá áratugina. Sjálfstæðisflokkurinn var stærstur (37-42% atkvæða), Framsóknarflokkurinn næststærstur (22-28%), Sósíalistaflokkurinn þriðji (15-19%) og Alþýðuflokkurinn rak yfirleitt lestina (13-18%). Aðrir flokkar hlutu lítið fylgi og það gerðist aðeins einu sinni á tímabilinu 1942-1971 að einhver annar stjórnmalaflokkur ynni þingsæti. Það var árið 1953 en þá fékk Þjóðvarnarflokkurinn tvö þingsæti.¹⁴⁵

¹⁴³ Eiríkur Einarsson. *Alþingistíðindi*. (Umræður um alþýðutryggingar.)

¹⁴⁴ Ólafur Ragnar Grímsson. „Formáli,“ bls. 8.

¹⁴⁵ Svanur Kristjánsson. „Stjórnmalaflokkar“..., bls. 39.

Svanur bendir jafnframt á, að allir tilgreindir flokkar hafi í raun verið ríkisafskiptaflokkar, þannig hafi efling ríkisvalds og þróun flokkanna gengið hönd í hönd. Þrír þeirra urðu sem alkunna er, hreinræktaðir fyrirgreiðsluflokkar, þ.e. Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur.¹⁴⁶ Í fyrirgreiðslukerfinu gengur hið íslenska goðaveldi í endurnýjun lífdaganna. Stuðningsmenn treysta á, að foringinn steðji að til stuðnings, þegar á þarf að halda, veiti þeim liðveislu. Þannig fá foringjar fólk til fylgilags. En það er svo sem alkunnugt, að Sósíalístaflokkurinn beitti einnig áhrifum sínum í stjórnkerfinu og verkalýðshreyfingunni til að hygla sínum. Allt fjórflokkakerfið eflði starfshætti, „sem hvíldu í miklum mæli á útteilingu stjórnámálanna á gæðum og gögnum hins opinbera.“¹⁴⁷

Svanur kemst að þeirri niðurstöðu snemma á tíunda áratugi síðustu aldar, að fjórflokkakerfið sé úrelt orðið, sem m.a. lýsir sér í „kreppu íslenska valdakerfisins“ á árunum 1971-1990, sem m.a. átti sér rætur í efnahagskreppunni 1967, þegar Íslendingar fluttust hópum saman til annarra landa. Svanur staðhæfði:

[F]jórflokkarnir [eru] úreltir. Þeir endurspeglar áttakalínur og hugmyndafræðilegar deilur fortíðarinnar, en hafa ekki stuðlað að nýsköpun og endurnýjun á stjórnarháttum þjóðfélagsins. Hið pólitíska kerfi hefur ekki verið lagað að nýjum aðstæðum og verkefnum, sem skapast hafa vegna breytinga á sjálfu þjóðfélaginu og alþjóðlegu umhverfi, með markvissum, skynsamlegum hætti.¹⁴⁸

Á grundvelli þess samanburðar, sem gerður er að ofan á hugmyndafræði flokka fjórflokkakerfisins, málflutnings á Alþingi og raunstjórnámálum, hlýt ég að draga í efa, að svo mjög hafi í raun verið deilt um hugmyndafræði, þegar á hólminn var komið. Alla vega er mér ofraun að finna einhvern mun, sem máli skiptir, á velferðarstefnu flokkanna fjögurra. Og mér er nær að halda, að fjórflokkakerfið hafi aldrei náð að stuðla að eflingu íslenskrar þjóðar eins og vera skyldi sökum hygli og hagsmunagæslu af ýmsu tagi og beinnar stjórnunar ríkisins á öllu mannlífi í landinu meira eða minna – ekki síst atvinnulífi - frá stríðsárunum og fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Þau örgu ríkisafskipti, sem hér um ræðir, voru miklu fremur í ætt við austur-evrópskan áætlunarbúskap en frjáls hagkerfi og lýðræðislega stjórnarhætti.

Ríkisforsjá hefur reyndar verið ær og kýr Sjálfstæðisflokksins sem og þeirra flokka, sem flokkurinn hefur verið spyrstur við. Hann hafði með öðrum frumkvæði að

¹⁴⁶ Svanur Kristjánsson. „Stjórnámálaflokkar“, bls. 360.

¹⁴⁷ Sama rit, bls. 390.

¹⁴⁸ Svanur Kristjánsson. „Stjórnámálaflokkar“..., bls. 390.

stofnun Skipulagsnefndar ríkisins, Rauðku, á stríðsárunum. Hún var skipuð fulltrúum flokkanna og hafði það hlutverk, að stjórna atvinnulífi landsmanna. Jón Sigurðsson (f. 1941) einn meginforsprakka Alþýðuflokksins á síðustu áratugum og hagfræðingur að mennt, hrósaði þessu fyrirbæri mjög. Í grein í Morgunblaðinu 26. júlí 1992, skrifar hann:

Með störfum nefndarinnar var brotið blað í hagsögu okkar að því leyti að hlutverk og ábyrgð ríkisins á stjórn efnahagsmála í heild var viðurkennd í reynd. Í þessu starfi komu fram nýjar hugmyndir um stjórn ríkisfjármála og peningamála sem byggðar voru á því sem efst var á baugi meðal fremstu hagfræðinga Evrópu á þeim tíma. Fenginn var til ráðuneytis ungur og upprennandi sænskur háskólakennari, Erik Lundberg [1907-1987], en Svíar voru þá brautryðjendur í hagstjórn á Vesturlöndum. Erik Lundberg, sem seinna varð einn virtasti hagfræðingur Svía, var í hópi þeirra fræðimanna, sem voru á undan sjálfum Heynes að benda á mikilvægi ríkisfjármálanna til þess að hafa áhrif á atvinnuástandið.¹⁴⁹

Annað dæmi er fjárhagsráð, sem stofnað var á haftatímanum 1930-1960, en það var einnig afsprengi ríkisforsjárinnar, sem Sjálfstæðisflokkurinn átti gagnvera aðild að. Einum hugmyndafræðinga flokksins, hagfræðingnum, Ólafi Björnssyni (1912-1999), virtist heldur í nöp við þetta ráð, sem ákvað, hvaða vörur mætti flytja til landsins, og hafi þannig í sjálfu sér einnig ákveðið „,á grundvelli smekks og þarfa þeirra fáu sem markaðinn bjuggu til,““ hvað landsmenn ættu og mættu hafa á borðum sínum.¹⁵⁰

Umrædd forsjárhyggja var endurvakin af viðreisnarstjórninni undir forsæti Bjarna Benediktssonar á kreppuárunum á ofanverðum sjöunda áratugi síðustu aldar. Króginn hét þá atvinnumálanefnd. Svanur Kristjánsson, segir um þetta:

Á árunum um og eftir 1970 lögðu hægriflokkar á Vesturlöndum aukna áherslu á hugmyndafræðilega sérstöðu flokka sinna, skírskotuðu meira til markaðshyggju og lögðust gegn skattheimtu og forsjárhyggju velferðarríkisins. Í Sjálfstæðisflokknum varð þróunin á þessum árum allt önnur. Að frumkvæði forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, voru stofnaðar atvinnumálanefndir með þátttöku ríkisvalds, verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og forsætisráðherra varð formaður yfirnefndar atvinnumála.¹⁵¹

Og svo virðist sem fjórflokkakerfið sé ekki dautt úr öllum æðum. Allavega svífur andi þess yfir vötnum í íslensku þjóðlífi. Er þá skemmt að minnast ársins 1986, þegar

¹⁴⁹ Jón Sigurðsson. „Aldarminning.“

¹⁵⁰ Guðmundur Jónsson. „Munaður og nauðsynjar“..., bls. 164.

¹⁵¹ Svanur Kristjánsson. „Stjórnmalaflokkar“..., bls. 372.

voru gerðir einir víðtækustu samráðssamningar sem sögur fara af nokkurs staðar á Vesturlöndum. Ríkisstjórnin, verkalyðshreyfingin og atvinnurekendur undirrituðu mjög víðtækan samning, „þjóðarsátt“, sem náði yfir kaup og kjör og helstu þætti fjárlaga að auki, þ.e. tekjur og gjöld ríkisins. Samningar þessir voru gerðir að frumkvæði verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Hlutur ríkisstjórnarinnar var fyrst og fremst að tryggja framkvæmd samningsins.¹⁵² Hér var að verki meginstofn fjórflokkakerfisins, þ.e. Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur. Sömu flokkar stóðu fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja, sem alþjóð veit, að stundum var rakin „einkavinavæðing,“ þ.e. gæðingar flokkanna voru á hygli þeirra. Það virðist enn lifa í gömlum glæðum.

5. Eðli Sjálfstæðisflokksins; erlend áhrif á velferðarstefnu og skyldleiki við flokka nágrannalandanna

Í þessum kafla verður leitast við að rýna í þau erlendu áhrif, sem óumdeilanlega hafa mótað velferðarhugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins, þrátt fyrir staðhæfingar nokkurra forustumanna hans í þá veru, að velferðarstefna flokksins sé tandurhrein íslensk. Umfjöllun þessi er nauðsynleg til skilnings á velferðarhugmyndafræði flokksins og innviðum velferðarkerfisins. Lítillega hefur verið tæpt á einstöku atriðum þessarar umfjöllunar bæði í öðrum og þriðja kafla. Nokkur skörun og eilítill upprifjun er því óhjákvæmileg.

Hugmyndafræðingar Sjálfstæðisflokksins og forystumenn hafa eins og dregið var á, ekki verið á eitt sáttir um tegundarheitið á flokki sínum. Sumir, t.a.m. Jón Þorláksson, Birgir Kjarran og Gunnar Thoroddsen, telja flokkinn af íslensku bergi brotinn eingöngu – eða því sem næst. Að dómi Hannesar H. Gissurarsonar er hins vegar um að ræða skyldleika í hugmyndafræðilegu tilliti við þróun erlendis, þ.e. einkum í Norður-Evrópu, enda þótt hann viðurkenni hlut íslenskra aðstæðna. Hann segir, að meginniðurstöður rannsóknar sinnar (til cand. mag. ritgerðar í sögu 1982) séu, „að Sjálfstæðisflokkurinn sé sprottinn upp úr sjálfstæðisbaráttunni og þeirri þjóðlífsbreytingu, sem varð, þegar sjávarútvegur tók við af landbúnaðinum. En þetta felur það ekki í sér, þótt ýmsir forystumenn flokksins hafi sagt það oftar en einu sinni, að Sjálfstæðisflokkurinn sé séríslenskt fyrirbæri.“ Síðar í sömu ritgerð leggur Hannes Hólmsteinn þó engu minni áherslu á hið íslenska eðli Sjálfstæðisflokksins en fyrirrennarar hans.¹⁵³ Hannes bendir ennfremur á, að sökum

¹⁵² Svanur Kristjánsson. „Stjórnmálaflokkar“, bls. 388.

¹⁵³ Hannes H. Gissurarson. Stofnun Sjálfstæðisflokksins, bls. 68 og 151.

fjöldafylgis, sótt úr nær öllum stéttum samfélagsins, bæri Sjálfstæðisflokkurinn fremur ættarmót Íhaldsflokksins breska og Kristilega lýðræðisflokksins þýska, en íhaldsflokkanna á Norðurlöndum.

Í fyrri kafla var á það bent, að í hugmynd og raun væri harla lítill munur á ýmsum borgaralegum flokkum og jafnaðarmannaflokkum, þegar velferðarteitið stóð sem hæst. Jónas Haralz segir í þessu efni einnig: „Sannleikurinn er sá, að á þessu skeiði, árunum 1950 fram undir 1970, nálguðust sjónarmið stjórnmalaflokka, annarra en kommúnista, hvert annað mjög mikið hvarvetna í Evrópu. Þetta var hið nýja blómaskeið frjálshyggjunnar.“¹⁵⁴

Undir lok áttunda áratugar síðustu aldar, þegar velferðarkreppan var í algleymingi varð Sjálfstæðisflokkurinn fyrir harðri gagnrýni andstæðinga sinna á svipaðan hátt og velferðarsinnaðar flokkar í Norður-Evrópu. Vilmundur Gylfason (1948-1983), alþingismaður Alþýðuflokks og síðar stofnandi Bandalags jafnaðarmanna árið 1983, var einn andófsmanna. Hann staðhæfði, að í ranni Sjálfstæðisflokks væri fremur haldið á lofti ríkisforsjá en frjálshyggju. Gagnrýni hans og svar Jónasar Haralz við henni eykur skilning á efninu. Svar Jónasar er á þessa leið:

Vilmundur Gylfason hélt því fram, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki verið flokkur frjálshyggju, heldur ríkisafskipta, ekki hugmyndaaflokkur, heldur hagsmunaflokkur. Mikilhæfum foringjum flokksins hefði hins vegar tekizt að halda jafnvægi milli ólíkra hagsmuna og sjónarmiða og afla flokknum fjöldafylgis. ... Ég held, að skýringin á styrki og fylgi Sjálfstæðisflokksins sé allt önnur. Flokkurinn hafi frá öndverðu verið merkisberi tiltekinna hugmynda, sem hafi átt mikinn og almennan hljómgrunn meðal þjóðarinnar, og honum hafi þrátt fyrir allt tekizt bærilega að fylgja þessum hugmyndum fram.¹⁵⁵

Hér talar Jónas um „almennan hljómgrunn meðal þjóðarinnar.“ Enda þótt ekki sé jafn djúpt í árinni tekið og hjá Birgi Kjarian, er ýjað að sérstökum íslenskum hljómgrunni fyrir boðskap flokksins.

Friðrik Sophusson er ósammála Hannesi Hólmsteini um samanburðargrundvöllinn, þegar Sjálfstæðisflokkurinn er annars vegar. Hann telur samanburð við íhaldsflokka Norðurlanda skiljanlegan og gerir því skóna, að jafnaðarflokkseðli Sjálfstæðisflokksins, þ.e. ítök í launþegahreyfingunni - eins og Halldór Blöndal (f. 1938) benti á - hafi gert gæfumuninn, hvað fjöldafylgi hans áhrærir. Hann veltir fyrir sér:

¹⁵⁴ Jónas H. Haralz. „Velferðarríki á villigötum,“ bls. 91.

¹⁵⁵ Jónas H. Haralz. „Velferðarríki á villigötum,“ bls. 91.

Menn eru ósammála um það, hvort Sjálfstæðisflokkurinn sé íhaldsflokkur eða frjálslyndur flokkur. Jafnvel er því stundum haldið fram, að hann sé jafnaðarmannaflokkur með ívafi einstaklingshyggju, ... Áhrif Sjálfstæðisflokksins í verkalýðshreyfingunni eru afar athygliverð, enda er flokkurinn annar stærsti verklýðsflokkur landsmanna. Í þessum efnum skilur á milli Sjálfstæðisflokksins og „hægri“ flokkanna á Norðurlöndum, og hér getur verið að finna mikilvægustu skýringuna á vexti og viðgangi flokksins. Aðskilnaður Alþýðuflokks og Alþýðusambands á fjórða ártugnum [á tuttugustu öld] er án efa veigamikil orsök fyrir áhrifum Sjálfstæðisflokksins meðal launþega.¹⁵⁶

Sé velferðarhugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins brotin til mergjar, koma óneitanlega í ljós áhrif af erlendum toga. Enski heimspekingurinn, John Stuart Mill (1806-1873) og skoski hagfræðingurinn og heimspekingurinn, Adam Smith (1723-1790), hafa báðir verið nefndir til sögu í þessu sambandi. Mill leggur áherslu á, að menn skuli lifa saman sem jafningjar. Það sé grundvallardýggð. Í bók sinni um kúgun kvenna segir hann m.a.: „En hin sanna dýggð mannanna er hæfileikinn til þess að geta lifað saman sem jafningjar þannig að hver einstakur krefjist eigi annars fyrir sjálfan sig en þess sem hann veitir öðrum af frjálsum vilja.“¹⁵⁷

Almennt skal fólk bera ábyrgð á sjálfu sér, m.a. sjá sjálfu sér og börnum sínum farborða. Reyndar telur hann það „siðferðisglæp“ að setja í heiminn afkvæmi, sem hann ekki getur sinnt. Í bók sinni, *Frelsinu*, tekur Mill skýlaust til orða:

[Þ]að er siðferðisglæpur að fæða barn í heiminn, án þess að foreldrarnir hafi góða von um, að þeir geti ekki einungis fullnægt líkamlegum þörfum barnsins, heldur einnig veitt því uppfræðslu og andlega þjálfun. Þetta er glæpur gagnvart samfélaginu ekki síður en gagnvart hinu gæfulausa afkvæmi foreldranna. Ef foreldrarnir rækja ekki þessa skyldu, ber ríkinu að rækja hana – á kostnað foreldranna, eftir því sem unnt er. ... [Það sé] engin harðstjórn að þvinga letingja og aðra ónytjunga, sem er sjálfrátt um ónytjungsháttinn, til að rækja lagalegur skyldur sínar við aðra, til dæmis að ala önn fyrir börnum sínum. Slíka menn má jafnvel setja í nauðungarvinnu, ef einskis annars er kostur.¹⁵⁸

Það er með öðrum orðum skylda ríkisvaldsins að ala önn fyrir börnum, bregðist foreldrar umönnunarskyldu sinni. Annars telur Mill einstaklinginn enga ábyrgð bera gagnvart

¹⁵⁶ Friðrik Sophusson. „Starf Sjálfstæðisflokksins“, bls. 149.

¹⁵⁷ John Stuart Mill. *Kúgun kvenna*, bls. 156.

¹⁵⁸ John Stuart Mill. *Frelsið*, bls. 174 og 185-186.

ríkisvaldinu, þegar um er að ræða athafnir, sem varða hann sjálfan, en aftur á móti má hegna honum, skaði hann hagsmuni annarra. Mill telur enga skýra frumreglu um íhlutun ríkisvaldsins vera til.¹⁵⁹

Mill talar hér greinilega fyrir lágmarksafskiptum ríkisvaldsins á sviði velferðar. Hver skal vera sinnar gæfusmiður. Afskipti af borgaranum sé þá aðeins afsakanleg, að hlutaðeigandi hafi brotið lög. Raunar hefur hann einnig bent á, að varhugavert geti verið, að veita þeim hjálp, sem minna mega sín. Því það geti dregið úr áhuga þeirra á sjálfsbjörg.

Slík hugsun endurómar í sjálfstæðisstefnunni, en aftur á móti virðist varla nokkur samhljómur um ábyrgð á þroskun, menntun og heilbrigði fullveðja fólks. Eins og margoft hefur fram komið, telur Sjálfstæðisflokkurinn það heyra til friðar ríkisins, þ.e. að ríkisvaldið sé betur til þess fallið að skilgreina þarfir hins einstaka á þessum sviðum heldur en honum sé sjálfum auðið – og fullnægja þeim. Hugmyndafræðin er sem sé á þá leið, að réttlætánlegt sé að skerða frelsi þegnanna til að veita þeim velferð. Það er því erfitt að koma þessu heim og saman við eftirfarandi yfirlýsingu Birgis Kjara:

Félagsviðhorf sjálfstæðisstefnunnar byggist á trúnni á manninn, þroskamöguleika hans, hæfni til þess að stjórna sér sjálfur, til að velja og hafna og til að leita sjálfur að eigin lífshamingju án þess að troða öðrum um tær eða þurfa á fyrirsögn eða handleiðslu annarra manna að halda um eigin mál.¹⁶⁰

Hér er stefnan greinilega í mótsögn við sjálfa sig. Birgir Kjara kann að virðast sammála Mill í orði, en ekki á borði. Og þetta á við um fleiri nafntogaða hugmyndafræðinga Sjálfstæðisflokksins, sbr. fyrri kafla.

Frjálsslyndi í anda Mill hefur, að því er virðist, beðið skipbrot í Sjálfstæðisflokknum. Birgir hallast til svonefnds félagslegs frjálsslyndis eða sósíallíberalisma, sem kenndur er við Svíann, Bertil Gotthard Ohlin (1899-1979). Ohlin þessi telur tuttugustu öldina bera keim af félagslegu frjálsslyndi. Í bók sinni, *Öld hinnar félagslegu frjálshyggju (Liberalismens århundrade)* segir hann (í þýðingu Birgis):

Heildarhyggjunni hefur verið aukið við frjálsslyndisstefnuna. – Það er ekki auðvelt að vega og meta skyldur einstaklingsins gagnvart hópnum (t.d. stéttinni) gegn þeim kröfum, sem heildin á til einstaklingsins. Forgangskrafa heildarinnar til einstaklingsins hefur ekki alltaf verið viðurkennd. Í stórum dráttum hefur þó tekizt að samræma heildarhyggjuna manngildismati frjálsslyndisstefnunnar, alveg á sama hátt og tekizt hefur að finna félagslegri samhjálp og öryggisviðleitni

¹⁵⁹ John Stuart Mill. *Frelsið*, bls. 44-45.

¹⁶⁰ Hannes H. Gissurason. *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls. 68.

stéttasamtakanna svigrúm innan hins frjálslynda hugmyndakerfis. Spennan milli kröfu einstaklingsins til frelsis annars vegar og á hinn bóginn viðleitni þjóðfélagsins og félagsheildanna til öryggisaukningar á kostnað einstaklingsfrelsisins, hlýtur þó alltaf að vera fyrir hendi.¹⁶¹

Ohlin snýr Mill á haus. Nú eru það hagsmunir heildarinnar – sem þá væntanlega eru skilgreindir af handhöfum ríkisvaldsins hverju sinni – sem setja einstaklingnum skorður í ljósi „forgangskröfu.“ Með öðrum orðum er hverjum og einum gefið sjálfræði og frjálsræði – samkvæmt frjálsræðishugsun Mill – nema ríkisvaldið geri forgangskröfu um annað. Í sjálfu sér gæti þetta falið í sér alræðisvald ríkisins. Þessi heildarhyggjuhugsun verður nánast brotleg, þegar nefndur Ohlin útfærir hana nánar. Birgir segir:

Í ritlingnum *Ekonomisk demokratisering* hefur Ohlin í fáeinum liðum gert grein fyrir nokkrum kennileitum á leið þeirra sósíal-líberalista. Þau eru eftirfarandi:

1. Aukið og víðtækara frelsi til handa öllum þegnum þjóðfélagsins.
2. Öryggi borgaranna gegn langvarandi tekjumissi af völdum sjúkdóma, slysa, örorku, elli og atvinnuleysis, ásamt tryggingu barnmargra fjölskyldna gegn kjaraskerðingu vegna ómegðar.
3. Bætt lífskjör til handa þegnum með auknum kaupmætti launanna.
4. Vaxandi tekjujöfnuður án skerðingar á framleiðslugetu þjóðfélagsins.
5. Dreifing efnahagsvaldsins í þjóðfélaginu og aukin hlutdeild og áhrif einstaklinganna í atvinnurekstri og starfsemi þjóðarbúsins.¹⁶²

Það er mér með öllu óskiljanlegt, hvernig heildarhyggja og forgangskrafa ríkisins á hendur borgurinum skuli tryggja aukið frelsi þeirra. Eða þá skattheimtan, sem slíku yfirfærslukerfi er óhjákvæmilega samfara og ríkisvaldið stjórnar. Ég fæ ekki betur séð, að hér sé um að ræða frelsiskenningu náskyldri þeirri, sem Marxsinna hafa haldið á lofti, þ.e. frelsið sem felst í sameign atvinnufyrirtækja og ríkisvaldi, stjórnað af úrvalshópi launþega, sem greinir þarfir fólks og skipuleggur fullnægingu þeirra. Jafnaðarmenn eða sósíaldemókratar aðhyllast svipaðar skoðanir á grundvelli lýðræðis.

Ohlin lýsir hinu sænska þjóðarheimili. Sögulega er það athyglisvert, að um svipað leyti (1925) og Ohlin setur fram hina vandráðnu heildarhyggjustefnu sína – og áratugum áður en Birgir kynnist kenningum hans – gerir stofnandi Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorláksson, sér svipaðar hugmyndir um íslenska þjóðarheimilið; um heill, frelsi og hagsmuni þegnanna.¹⁶³

¹⁶¹ Birgir Kjara. *Til varnar frelsinu*, bls. 104.

¹⁶² Sama rit, bls. 103.

¹⁶³ Jón Þorláksson: *Ræður og ritgerðir*, bls. 74 og 77.

Raunar skrifaði Jón Þorláksson eins og fram hefur komið níu árum fyrr (1916), að „[f]lokkaskipting eftir stéttum [væri] óeðlileg og mundi ekki vera landinu til neins góðs, og hún er beinlínis ljót, þegar þeir, sem meiri máttar eru, byrja.“¹⁶⁴ Hér er lýst hinni íslensku heildarhyggju Sjálfstæðisflokksins og draumnum um íslenska kærleiksheimilið, sem óneitanlega minnir á kærleiksskóglendið í Hálsaskógi í ævintýrum norska snillingins, Thorbjörns Egner, þar sem öll dýrin áttu að vera vinir. En þar var ekkert ríkisvald.

Í eftirmála að Sjálfstæðisstefnunni, sem útgefin var 1979, rekur Hannes H. Gissurarson, hverjir séu mestu áhrifavaldar eldri hugmyndafræðinga Sjálfstæðisflokksins. Jón Þorláksson telur hann vera undir áhrifum frá lærimeistara Ohlin, Karl Gustav Cassel (1866-1945). Þannig má segja, að bæði Jón og Ohlin hafi sótt hugmyndir í smiðju sama fræðimanns. Aukin heldur taldi Hannes nefnda hugmyndafræðinga sækja innblástur til „frjálslyndra hagfræðinga“ aldarinnar. Hann segir þá hafa mótast mjög af hugmyndakerfi frjálslyndra hagfræðinga tuttugustu aldar, hina yngri einkum af hugmyndakerfi austurrísku hagfræðinganna svonefndu; Carl Mengers (1840-1921), Eugen Böhm Ritter von Bawerk (1851-1914), Ludwig Heinrich Edler von Mises (1881-1973) og Friedrich August von Hayek (1899-1992). En Adam Smith (1723-1790) var sá, sem lagði hornsteininn að þessu kerfi á átjándu öldinni.¹⁶⁵

Þræðirnir liggja víðar. Benjamín Eiríksson var, að sögn Hannesar, lærisveinn austurríska hagfræðingsins Joseph Alois Schumpeter (1883-1950), prófessors við Harvard-háskóla, sem aftur var lærisveinn von Böhm-Bawerks eins og Hayek.¹⁶⁶ Birgi Kjarian tengir Hannes sérstaklega bæði þýskum og sænskum félagsfrjálslyndismönnum á borð við hagfræðinginn Bertil Gotthard Ohlin (1899-1979), formanni þjóðarflokksins sænska, og Ludwig Wilhelm Erhard (1897-1977), formanni kristilega lýðræðisflokksins vestur-þýzka og höfund „efnahagsundursins. Auk þess er Birgir einnig talinn verða fyrir áhrifum frá hagfræðingnum Wilhelm Roepke (Röpke) (1899-1966), sem var ráðunautur Erhards og góðvinur Hayeks. Roepke reit bókina *Civitas Humana* um stefnu sína. Hannes ræður af greinum Birgis, að hann hafði lesið bók þessa vandlega. Þessir þrír hugsuðir, Ohlin, Erhard og Roepke, lögðu allir áherzlu á það, að markaðsbúskap yrði að reka

¹⁶⁴ Jón Þorláksson: *Ræður og ritgerðir*, bls. 58.

¹⁶⁵ Hannes H. Gissurarson. „Eftirmáli.“ *Sjálfstæðisstefnan*, bls. 151.

¹⁶⁶ Sama rit, bls. 148.

mannúðlega, þannig að gætt væri afkomuöryggis allra, og að frelsinu yrði að fylgja siðferðilegt aðhald, virðing fyrir verðmætum.¹⁶⁷

Það er varla umdeild alkunna, að nefndir flokkar ásamt jafnaðarmannaflokkunum hafa lagt grunninn að velferðarríkjunum þýsku og sænsku með gríðarlegum ríkisafskiptum. Í þessu sambandi má minna á orð Benjamíns Eiríkssonar þess efnis, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði af „lýðræðissósíalistum“ lært að beita ríkisvaldinu í þágu velferðarstefnu sinnar. En hugmyndafræðingar flokksins tala engan veginn einum rómi. Til dæmis vildi Sigurður Nordal gjalda varhug við beitingu ríkisvaldsins á velferðarsviði. Óhóflegt velferðarörlæti gæti ruglað fólk í ríminu. Eftirfarandi orð mælti hann, þegar árið 1957:

Ef fólki er innrætt, að ríkið eigi að leysa og geti leyst öll þess vandamál, fer það að lokum að kenna ríkinu um öll sín mein. Hvor tveggja er vitanlega jafnfjarstætt. Það verður bæði að grafa dýpra, skyggna víðar og seilast hærra en ríkisvaldið getur nokkurn tíma náð til þess að finna brýnustu þarfirnar, mestu verðmætin, alls konar böll og bölvabætur.¹⁶⁸

Það mætti ætla, að Sigurður sækti innblástur í samtímamann, Mill, og franska spekinginn Alexis-Charles-Henri Clérel de Tocqueville (1805-1859), sem einnig varaði við ríkisforsjóninni. Meira en öld fyrr, heldur en Sigurður galt varhug við henni, sagði Tocqueville (í þýðingu Hannesar H. Gissurarsonar):

Ég er að reyna að sjá, hvaða mynd harðstjórn getur tekið á sig. Það, sem ég kem fyrst auga á, er múgurinn, óteljandi menn, allir jafnir og líkir hverjir öðrum, allir að keppast við að afla þeirra lítilmótlegu og lágkúrulegu gæða, sem þeir fylla líf sitt með. ... Fyrir ofan þennan skara rís síðan óskaplegt og ægilegt vald, sem tekur það að sér að fullnægja þörfum hans og bera ábyrgð á örlögum hans. Þetta vald er altækt, smámunasamt, reglubundið, forsjált og milt. Því mætti líkja við foreldravaldið, hefði það þann tilgang að búa menn undir fullorðinsárin, en það hefur annan tilgang og ólíkan, að koma í veg fyrir, að þeir fullorðnist. Það hefur ekkert á móti því, að menn gleðjist, að því tilskildu, að þeir hugsi ekki um annað á meðan. Þetta vald vinnur fúslega að slíkri hamingju, en það heimilar að fá eitt að skammta hana og skipuleggja. Það verndar menn, áætla þarfir þeirra og sinnir þeim, auðveldar þeim að láta sér líða vel, ræður helstu áhugamálum þeirra, stjórnar framleiðslu, úthlutar

¹⁶⁷ Hannes H. Gissurarson. „Eftirmáli,“ bls. 151-152.

¹⁶⁸ Hannes H. Gissurarson. „Frjálshyggjan er mannúðarstefna,“ bls. 18.

eignum og skiptir með þeim arfi. Hvað er eftir annað en að taka af þeim ómakið við að hugsa og lifa.¹⁶⁹

Í velferðarhugsun ofangreindra hagspekinga felst áhersla á blandað hagkerfi. Blandað hagkerfi og ríkisforsjá eru undirstöður þeirrar gríðarlegu útpenslu velferðarkerfisins, sem tröllreið um 1970 þeim samfélögum, sem við það bjuggu, þar með talið hið íslenska. Á áttunda áratugi síðustu aldar, tók hópur Sjálfstæðismanna, sem kenndi sig við nýfrjálslyggju, til andmæla gegn ríkisforsjóninni¹⁷⁰. Helstu kennifeður þeirra voru Friedrich August von Hayek (1899-1992) og Milton Friedman (1912-2006), báðir hagfræðingar og Nóbelsverðlaunahafar fyrir fræðileg afrek sín.

6. Velferðaráherslur Sjálfstæðisflokksins við mótun íslenska velferðarkerfisins með hliðsjón af þróun velferðarkerfa í grannlöndunum

Í iðnríkjum Evrópu lá atvinnurekstur meira eða minna í rúst eftir seinni heimstyrjöldina. Fyrstu árin þar á eftir var orku þjóðanna beitt til að endurreisa bágan efnahag og innviði samfélagsins. Segja má, að uppbyggingin hafi átt sér stað með ævintýralegum hraða. Örfáum árum eftir helför og hamfarir höfðu hagkerfin eflst svo um munaði. Um miðja öldina hófst mótun þess velferðarríkis, sem við þekkjum í dag. Útgjöld til velferðarmála jukust gríðarlega, tvöfölduðust eða jafnvel þrefölduðust á um tuttugu ára tímabili.¹⁷¹

Á Íslandi var nú einnig öldin önnur. Á Alþingi var á nítjándu öldinni tekist á um velferðarmálin. Það er forvitnilegt að skoða, hvaða skilning Alþingismenn á því méli, höfðu á velferðarmálum. Umræður um frumvarp Skúla Þorvarðarsonar árið 1885 „til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna er þiggja af sveit,“ opinbera að nokkru þennan skilning. Gils Guðmundsson segir:

[M]eiri hluti þingsins virðist hafa aðhyllst þá skoðun, sem Jón Ólafsson, þingmaður Sunn-Mýlinga, orðaði á þessa leið: „Ósjálfbjarga menn hafa engan siðferðilega rétt til að æxlast.“ Sama viðhorf kom fram hjá Arnljóti Ólafssyni, þingmanni Eyfirðinga, er hann lét svo ummælt að sveitastjórn ætti „að útvega þurfalingum hið allra nauðsynlegasta viðurværi það sem er ómissanlegt fyrir líf hans og heilsu, lengra

¹⁶⁹ Hannes H. Gissurarson. „Frjálslyggjan er mannúðarstefna“, bls. 18.

¹⁷⁰ T.d. Davíð Oddsson. „Sjálfstæðisflokkurinn og tregðulögmálið“, bls. 138-147. - Vilhjálmur Egilsson. *Velferðarþjóðfélag á villigötum*, bls. 13-17. - Þorsteinn Pálsson. „Hvað vildum við“ ..., bls. 160-175.

¹⁷¹ Sbr. Jónas Haralz. *Velferðarríki...*, bls. 10 og 100.

næði eigi sú skylda. Sveitarstjórnin á að sjá um tvennt: Í fyrsta lagi, reyna til að aftra og afstýra leti og ómennsku, og í öðru lagi, að sjá um, að menn deyi ekki úr sulti, klæðleysi né húsnæðisleysi.“ Meiri hluti þingmanna var ljóslega svipaðrar skoðunar.¹⁷²

Ofangreindu frumvarpi neitaði konungur staðfestu. En fyrsta heildarlöggjöf í nútíma (þ.e. síðan Jónsbók var samin) er frá 1834. Þar teljast þurfamenn „þeir menn fátækir, sem ekki gátu séð sér og sínum farborða á löglegan hátt og fengu því ekki notið nægilega fæðis, klæða, húsnæðis né hjúkrunar í veikindum.“¹⁷³

Fátækralöggjöfin var endurskoðuð 1907 og aftur 1928. Nú urðu þau nýmæli, að sveitarstyrkur var gerður óafturkræfur, ef tilefni hans var elli, ómegð, veikindi eða óhöpp. Hér er sem sagt fyrsti vísir alþýðutrygginga á Íslandi um svipað leyti eða heldur síðar en átti sér stað í Norður-Evrópu. Viðraðar voru hugmyndir um skyldutryggingar og einkatryggingar og styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki, sem ekki þægi sveitarstyrk. Lög um almennan ellistyrk voru samþykkt árið 1909.¹⁷⁴

Framfærslulögin eru fyrirboði þess, er koma skyldi í velferðarríkinu. Þau tóku gildi fyrsta febrúar 1936 fyrir atbeina „stjórnar hinna vinnandi stétta, sem var samsteypustjórn Framsóknarflokks og Alþýðuflokks.“ Þar gefur að lesa, „að hverjum þeim manni skal veita framfærslustyrk, „er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða að öðrum orsökum getur ekki aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.“ Á sama ári eru samþykkt lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.¹⁷⁵

Enda þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki staðið að frumvarpinu, lýstu þingmenn hans yfir stuðningi við meginhugsun þess, en voru þó mótfallnir atvinnuleysistryggingum eins og fram hefur komið. Það var svo sem ekki kyn, því nokkrum árum áður reyndu þeir að skipa þingmönnum saman til framgangs velferðarmála. Bróðir verðandi forsætisráðherra, Thor Thors, sagði í umræðum á Alþingi um endurskoðun laganna:

Um málið má segja, að það hafi í fyrstu ekki sætt þeim undirbúningi, sem hæfði slíku stórmáli. En á þingi 1934 bárum við sjálfstæðismenn fram tillögu hér í deildinni um að skipa nefnd allra þingflokka til að undirbúa þetta mál fyrir næsta

¹⁷² Gils Guðmundsson. *Almannatryggingar ...*, bls. 26.

¹⁷³ Sama rit, bls. 21.

¹⁷⁴ Sama rit, bls. 35-40.

¹⁷⁵ Gils Guðmundsson. *Almannatryggingar ...*, bls. 67.

þing. Tillagan náði ekki fram að ganga, svo að með því höfnuðu stjórnarflokkarnir samvinnu við okkur um þetta mál.¹⁷⁶

En það kom fljótlega annað hljóð í strokkinn Sjálfstæðisflokksins, sem settist í forsæti nýsköpunarstjórnarinnar í október árið 1944, skömmu áður en seinna heimsstríði lauk. Aðrir flokkar í þeirri ríkisstjórn voru Alþýðuflokkur og Sósíalistaflokkur. Metnaður ríkisstjórnarinnar var skýr. Í málefnaþingningi hennar stendur skrifað: „„Ríkisstjórnin hefur með samþykki þeirra þingmanna, er að henni standa, ákveðið að komið verði á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna.““¹⁷⁷

Lögin um þetta almannatryggingakerfi á heimsmælikvarða tóku gildi í ársbyrjun 1947. Gils Guðmundsson metur breytingarnar á gildandi alþýðutryggingalögum frá árinu 1936 svo:

Með almannatrygglögum voru gerðar stórfelldar breytingar á alþýðutryggingalögum frá 1936. Meginstefnan var sú, að sameina í eitt allsherjar tryggingakerfi sem flestar tryggingar og ýmsa opinbera forsjá, og nái það til hvers einasta þjóðfélagsþegns frá vöggum til grafar. ... Svið trygginganna var víkkað verulega, þær látnar taka til mæðra, barna og ekkna, auk aldraðra og slasaðra. Hve stórfelldar þessar breytingar voru sést best á því, að heildarupphæð ellilauna og örorkubóta árið 1946 nam um 7.1 milljón króna, en samsvarandi lífeyrir 1947 varð 26.2 milljónir. Nýjar bótagreiðslur, barnalífeyrir, fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur, ekkjubætur og sjúkradagpeningar námu á þessu fyrsta ári almannatrygginga um þrettán milljónum króna. Lætur nærri, að bótagreiðslur í heild hafi orðið ferfalt hærri á fyrsta ári almannatrygginga en síðast árið sem alþýðutryggingalögin voru í gildi.¹⁷⁸

Því mætti segja, að sú þróun, sem átti sér stað og varð greinilegust í Norður-Evrópu á sjötta áratugnum, hafi hafist heldur fyrr á Íslandi, enda stóð efnahagur þjóðarinnar með blóma sökum stríðsgróðans. Það er óneitanlega nóturlegt til þess að hugsa, að ríkissjóður Íslands hafi fitnað eins og púki á fjósbita, meðan þjóðum Evrópu blæddi og borguðu brúsann af því heljarstökki í eyðslusemi, sem stóra skrefið til velferðar fól í sér. Næsta risaskref í almannatryggingum á Íslandi, þ.e. hækkun á bótum og aukning réttinda, er

¹⁷⁶ Gils Guðmundsson. *Almannatryggingar*, ...,bls. 79.

¹⁷⁷ Gils Guðmundsson. *Almannatryggingar*, bls. 97.

¹⁷⁸ Sama rit, bls. 101.

stigið með Viðreisnarstjórninni svonefndu, sem stofnuð var undir forsæti Ólafs Thors árið 1959.¹⁷⁹

Við andlát Ólafs tók Bjarni Benediktsson við forsætinu eins og fyrr segir. Viðreisnarstjórnin, sem var samsteypustjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks, hefur um áratugi verið lofuð af hugmyndafræðingum Sjálfstæðisflokksins og forkólfum hans ýmsum. Því er ekki úr vegi að virða hana nánar viðlits, áður en lengra er haldið í umfjöllun um velferðarsviðið.

Áður hefur verið minnst á þau ummæli Halldórs Blöndals, að Viðreisnarstjórnin hafi beitt áhrifum sínum til að afla fylgis í launþegahreyfingunni við stefnumál sín, en einna kunnust er hún fyrir afnám hafta ýmiskonar í viðskiptum og framleiðslu og að beita sér fyrir eflingu velferðarkerfisins. Sýnt þótti, að hinar fyrirhuguðu breytingar á hagkerfinu myndu hafa veruleg áhrif á velferðarkerfið. Birgir Kjarian, áður kynntur til sögu sem einn aðal hugmyndafræðingur Sjálfstæðisflokksins á þessum tímamótum, þ.e. þegar hinni nýju stefnu Viðreisnarstjórnarinnar var ýtt úr vör, leggur sérstaka áherslu á verndun „láglaunastéttanna.“ Hann segir m.a.:

[L]áglaunastéttirnar eru jafnan berskjaldaðar fyrir öllum breytingum á sviði efnahagsmálanna. Þá staðreynd verður að hafa ofarlega í huga við framkvæmdir til jafnvæggisköpunar og kosta kapps um, að láglaunastéttirnar verði ekki öðrum fremur fyrir óhagræði af þessum aðgerðum, heldur verði einnig tekið fullt tillit til félagsmálaviðhorfa við val leiða að settu marki og þannig, að jafnframt því, að t.d. niðurgreiðslur leggjast af, verði félagsmálalöggjöfin endurskoðuð með það fyrir augum að hækka fjölskyldubætur og tryggt verði einnig, að kjör þeirra, sem búa við erfiðan fjárhag vegna ómegðar og skorts á starfsorku, verði ekki skert.¹⁸⁰

Ármann Sveinsson, var á sjöunda ártugi síðustu aldar einn af upprennandi forystumönnum Sjálfstæðisflokksins og lét stefnumál hans mjög til sín taka. Hann skrifar 1967:

Síðustu 7-8 ár hefur verið mótað nýtt íslenskt þjóðfélag. Þjóðfélag einstaklingsfrelsis og einkaframtaks. Þetta reyndist kleyft með því að taka upp efnahagsstefnu, sem grundvallast á þörfum, kröftum og kröfum þjóðarinnar. ... Sjálfstæðismenn stefna fram á veg velferðarríkisins [1967] og miða störf sín og stefnu við það eitt að bæta og treysta heilbriggt íslenskt þjóðfélag.¹⁸¹

¹⁷⁹ Sbr. Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*, bls. 247.

¹⁸⁰ Birgir Kjarian. *Til varnar frelsinu*, bls. 59.

¹⁸¹ Ármann Sveinsson. *Manngildi*, bls. 55-56.

Þegar Þorsteinn Pálsson, tæpum tveim áratugum síðar, lítur um öxl af sjónarhóli nýfrjálshyggjunnar, farast honum svo orð:

Í byrjun sjöunda áratugarins gegndi Sjálfstæðisflokkurinn þeirri skyldu sinni að gjörbreyta efnahagskerfinu með því að afnema í verulegum mæli hafta- og skömmunarstjórn og hverfa til aukins frjálsræðis. Viðreisnartímabilið einkenndist ekki einvörðungu af frjálsræðisstefnu, heldur einnig af festu, áræðni og ákveðni í stjórnarathöfunum.¹⁸²

Það virðist varla um það blöðum að flétta, að hér standi Sjálfstæðisflokkurinn að umbyltingu íslensks hag- og velferðarkerfis, sem fól í sér nær gengdarlausu eyðslu til velferðarinnar á nýjan leik. Umbyltingin varð í veru þess blandaða hagkerfis, sem varð smám saman við lýði í lýðræðisríkjum Vesturlanda, en það kallar annar merkilegur hugmyndafræðingur flokksins, Jónas Haralz, hagkerfi „frjálshyggju með ívafi skipulagsbreytinga,“ þ.e. frjáls neysluval neytenda, frelsi fyrirtækja til fjárfestingar og framleiðslu og traustar leikreglur af ríkisvaldsins hálfu.¹⁸³

Stigvaxandi ríkisumsvif og ekki síst skefjalaus eyðsla Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks til velferðar hlaut – eins og við svipaðar aðstæður annars staðar, til að mynda í velferðarkerfum Norðurlanda – að leiða til kreppu, þrátt fyrir næsta blómlegan efnahag Íslendinga á áttunda áratugi síðustu aldar. Það var látið skeika að sköpuðu; efnahagurinn fór úr böndum með óðaverðbólgu, ofpenslu og kreppu hins blandaða hagkerfis og velferðarþjóðfélagsins. Jónas segir:

[U]ndanfari hennar [kreppunnar] var ekki vaxtarskeið frjáls kapitalisma, heldur blómaskeið velferðarþjóðfélagsins, þegar hvers konar ríkisafskipti fóru sívaxandi og áhrif verkalýðsfélaga höfðu aldrei verið meiri. Það voru einmitt miklar og vaxandi kröfur velferðarþjóðfélagsins til efnahagslegra gæða ásamt tregðu stjórnámálanna og verkalýðsforingja til þess að gera upp á milli þessara krafna, sem varð stjórn efnahagsmála ofviða og leiddi fyrst til ofpenslu og verðbólgu og síðan til kreppu.¹⁸⁴

Það vekur óneitanlega athygli, að við stjórnvölinn á Íslandi sat hinn „séríslenski,“ frjálsslyndi fjöldafylgisflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, þegar ógnvænleg ríkisútgjöld – ekki síst til velferðarmála – gerðu það að verkum, að hagkerfið riðaði til falls. Í Norður-Evrópu voru slíkar kollsteypur að miklu leyti á ábyrgð einhvers konar jafnaðarflokka. Í félags- og stjórn málafræðum hafa þessar aðstæður verið til skoðunar í ljósi sögunnar.

¹⁸² Þorsteinn Pálsson. „Hvað vildum við? Hvað gerðum við,“ bls. 161.

¹⁸³ Sbr. Jónas Haralz. *Velferðarríki...*, bls. 17.

¹⁸⁴ Jónas Haralz. *Velferðarríki...*, bls. 68.

Stefán Ólafsson (f. 1951), félagsfræðingur, getur um fimm eflingarskeið í sögu velferðarríkisins. Hið fyrsta, upprunaskeiðið, stóð frá því fyrstu lögin voru sett í Þýskalandi á níunda áratugi nítjándu aldar og fram til upphafs fyrri heimstyrjaldar um miðjan annan áratug aldarinnar. Annað skeiðið afmarkast af heimsstyrjöldunum tveim og einkenndist það af útfærslu trygginganna. Það er á þessu skeiði, að fyrstu alþýðutryggingarlögin eru sett á Íslandi. Þriðja skeiðið má segja hafi tekið við fljótlega í kjölfar heimsstyrjaldarinnar seinni. Það stendur yfir til miðbiks aldarinnar og einkennist einkum af mótun heildstæðrar löggjafar um almannatryggingar. Það er á þessu tímabili í evrópskri þróun velferðarkerfa, að hið íslenska einnig sér dagsins ljós, þ.e. löggjöf nýsköpunarstjórnarinnar með Sjálfstæðisflokkinn í broddi fylkingar á því skeiði í sögu hans, sem nefnt hefur verið hið „klassíska.“ Flokkurinn er sömuleiðis í broddi fylkingar á hinu afdrifarík útbensluskeiði almannatrygginga og velferðarkerfis, þegar Viðreisnarstjórnin margnefnda stýrði ríkisskúttunni á því skeiði í sögu hans, þegar upp er tekið blandað hagkerfi.¹⁸⁵ (Sbr. annan kafla.)

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun velferðarríkisins og síður en svo bitið úr nálinni með það. Íslendingar virðast engan asa sýna í því efni. Veruleg gagnrýni á útbenslu ríkisumsvifa kom eins og áður er dregið á, fyrst að einhverju marki með hreyfingu nýfrjálsbyggjumanna seint á áttunda áratugi síðustu aldar og í upphafi þess níunda. En þá höfðu hagsældarríki jafnaðarmanna svo hert sultarólina, að garnagaul þegnanna bergmálaði um norðurálfu – t.d í Svíþjóð, sem var nálægt hruni í lok sjöunda áratugarins.¹⁸⁶

Rannsóknir í félagsfræði og stjórn málafræði virðast benda sterklega til þess, að almennt hefði stjórn jafnaðarmannaflokka, hófsamra vinstri flokka og miðjuflokka, áhrif til útbenslu og vaxtar útgjalda í velferðarkerfinu eða „örlæti“ ríkissjóðs.¹⁸⁷ Illa virðist ganga að hemja þetta örlæti. Enn námu útgjöld örlátustu ríkjanna um sextú af hundraði vergrar þjóðarframleiðslu við lok síðustu aldar:

Við upphaf aldarinnar var algengast að útgjöld ríkisins væru um eða innan við 10% af þjóðarframleiðslu í Vestur- og Mið-Evrópu, sem og í Norður Ameríku. Nú á dögum eru opinber útgjöld í OECD-ríkjunum að jafnaði yfir 40% af vergri þjóðarframleiðslu, og þar

¹⁸⁵ Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*, bls. 27-28.

¹⁸⁶ Francis Sejerstad. *Sosialdemokratiets tidsalder...*, bl.s 379.

¹⁸⁷ Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*, bls. 221 og 241.

sem lengst hefur verið gengið í aukningu velferðarútgjalda hins opinbera er hlutur þessu um 60%, segir Stefán Ólafsson.¹⁸⁸

Það er því ekki að undra, að jafnvel dyggir stuðningsmenn sjálfstæðisstefnunnar spyrji um skýringar á vexti svo taumlausum. Fátt virðist vera um einhlít svör. Stefán Ólafsson segir almennt um þetta:

Þjóðfélagslega umhverfið sem mótast af iðnvæðingu og hagsældarstigi, ásamt ríkjandi hugarfari almennings, hefur skilyrðandi áhrif á umfang velferðarríkisins. Skipan stjórnkerfis og áhrif einstakra flokka og þrýstihópa innan þess hefur hins vegar afgerandi áhrif á einkenni þeirrar velferðarskipanar sem valin er, sem og á þjóðfélaglegar afleiðingar hennar.¹⁸⁹

Það er varla goðgá að nefna, að hugarfar almennings er þrungið kröfunni um vöxt. Vaxtarkrafan virðist inngróin mannlífínu eins og nýleg dæmi eru um. Og mikill vill meira, er stundum sagt. Fáir virðast bera nóg úr bítum og allra síst þeir, sem fátt leggja af mörkum til sameiginlegra sjóða. Þrýstihópar alls konar og launþegahreyfingar draga gunnfána stöðugt að húni. Líklega hafa þeir eitthvað til síns máls, sem halda því fram, að stjórnámálamenn eigi bágð með að rísa öndverðir gegn kröfunum vegna uggs um endurkosningu.

Niðurstöður

Hver er skilningur Sjálfstæðismanna á velferð? Sjálfstæðisflokkurinn eins og hinir flokkar kerfisins yfirleitt, lagði áherslu á farsæld fólks í víðasta skilningi þess hugtaks. Ekki einasta mátti hann ekkert aamt sjá, heldur skyldi riðið öryggisnet um gervallt líf borgarans, ungs og aldins, sama hvert litið var, þ.e. hvort hann eignaðist of mörg börn, hefði of lágur tekjur, væri atvinnulaus, biði tjón á heilsunni, vildi menntast eða yrði fyrir skakkaföllum í lífinu. Hinn stóri og hlýi faðmur ríkisins stóð ætíð opinn. Enda tókst sú fyrirætlun Sjálfstæðisflokksins (og fjórflökkakerfisins) að skapa á Íslandi eitt öflugasta velferðarkerfi um víða veröld. En sumir urðu til þess að gjalda varhug við þróuninni, töldu að slík ógnarumhyggja svæfði borgarana hagsældarsvefni, sem drægi úr þeim atorkuna og brenglaði vitund þeirra. Fullnægði ríkið þörfum þeirra í slíkum mæli, myndi fólk fara að kenna ríkinu um, þegar illa stóð í ból þess. Einn þeirra var Sigurður Nordal. Einnig var

¹⁸⁸ Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin*, bls. 207

¹⁸⁹ Sama rit, bls. 241.

varað við ofpenslu útgjalda. Það gerðu alþingismenn flokksins þegar árið 1935. Slík aðvörðun var á rökum reist. Um leið og hagsældaruppsprettan þornaði, sligaði velferðin sameiginlega sjóði og engin voru fjárráðin til að ríða baggamuninn. En þetta var vissulega ekki einungis íslensk þróun. Skattar og gjöld voru uppsprettan. „Dráttardýrin“ voru velrekin og öflug fyrirtæki og einstaklingar með tekjur yfir miðlungi. Þessa gömlu aðferð Hróa hattar, að taka af þeim „ríku“ og dreifa meðal hinna fátækari, kallar flokkurinn mannréttindi. En í þessu efni heyrðist þó gagnrýnishljóð úr horni, en sú rödd var harla hjáróma, rödd Þorsteins Pálssonar á níunda áratugi síðustu aldar. Hann spurði; hver eru réttindi dráttardýranna, í hverra vasa er seilst? Það hefur verið fátt um svör, enda er skilningurinn sá, að í velferðarþjóðfélagi eigi allir rétt, en ekki bara sumir til ölmusu eða fátækrastrykja.

Hvað skýrir stefnu Sjálfstæðisflokksins á velferðarsviðinu? Forkólfum bæði Íhaldsflokks og Frjálslynda flokksins skildist í árdaga flokkamyndunarinnar og sérstaklega eftir að fyrsta eiginlega, heildstæða félagsmálalöggjöfin leit dagsins ljós árið 1936, að fjöldafylgi yrði ekki tryggt, nema með því að hygla sem flestum og jafnvel yfirbjóða hina flokkanna. Eins og við mátti búast varð úr þessu vítahringur yfirboða, en fjöldafylgi varð ekki tryggt eftir öðrum leiðum. Upphafsmenn Sjálfstæðisflokksins virðast einnig hafa haft góða nasasjón af dýpri viðhorfum alþýðu. Þeir virtust með öðrum orðum vita, hvar klukkan sló. Þeir ræktuðu þjóðernið og riðu á þeirri bylgju þjóðernisvakningar, sem birtist svo ljóslega í kosningunum um stofnun Lýðveldisins, þar sem nær hver atkvæðisbær maður greiddi atkvæði og með sjálfstæði. Orðið, Sjálfstæðisflokkur, hafði því góðan hljóð. Þá vildu allir vera sjálfstæðir. Sjálfstæðisflokkurinn hafði einnig snemma lag á því að höfða til kvenna, einkum með áróðri um mikilvægi hlutverks konunnar sem móður og húsfreyju, ásamt með kvenframbjóðendum. Þannig eru verulegar líkur til þess, að fylgi kvenna og verkamanna, sem vildu vera sjálfstæðir, kristnir Íslendingar, hafi verið kjarninn í fjöldafylgi því, sem gerði flokknum kleift að beita ríkisvaldinu óspart til mótunar velferðarríkisins – en í trássi við grundvallarhugmyndafræði sína – til að koma málum sínum fram og afla atkvæða og vinsælda. Og sjálfsagt hefur öfgakennd þjóðernishugmyndafræði flokksins stuðlað að fylgi íslenskra nasista við hann.

Hvernig breytist velferðarstefna hans á tímabili fjórflokkakerfisins? Grundvallarhugsun flokksins virðist vera sú sama frá upphafi vega hans til vorra tíma, þrátt fyrir áherslubreytingar og aðvörðunarraddir einstakra forystumanna og hugmyndafræðinga hans. Flokkurinn stóð fyrir víðtækri breytingu eða eflingu velferðarkerfisins á dögum Nýsköpunarstjórnarinnar og svo aftur á dögum Viðreisnar

hinnar síðari, þegar fjölskyldum skyldi bætt upp tjón vegna róttækra breytinga á atvinnulífi og viðskiptaháttum. Þátttaka Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórnnum í kjölfar kreppunnar kringum 1970 og á níunda áratugi síðustu aldar virðist litlu hafa breytt, þrátt fyrir vissa gagnrýni á velferðarstefnu flokksins. Það var reyndar sami hópur, sem hávæраста átti gagnrýni á stefnuna, sem tók við stjórnartaumunum í flokki og ríkisstjórn um þær mundir, þ.e. nýfrjálshyggjuhópurinn. Tiltölulega óbreytt hlutfall þjóðartekna rennur enn til málaflokksins.

Hefur Sjálfstæðisflokkurinn sérstöðu meðal skyldra flokka í Norður-Evrópu? Hugmyndafræðingar flokksins eru engan veginn á eitt sáttir um, hvers konar flokkur Sjálfstæðisflokkurinn sé. Sumir staðhæfa, að flokkurinn eigi sér varla nokkra erlenda fyrirmynd, enda þótt einstaka útlendar hugmyndir um stjórnámál hafi rekið á fjörur hans. Aðrir skipa honum ýmist á bekk með íhaldsflokkum Norðurlanda eða íhaldssömum fjöldafylgisflokkum Þýskalands (Kristilega þjóðarflokknum) eða Íhaldsflokknum breska. En er einhver eiginlegur munur á þessum tveim tegundum íhaldsflokka? Varla í ljósi þess, að allir hafa þeir lagt gjörva hönd á uppbyggingu velferðarkerfa ríkja sinna - og þau eru í eðli sínu afar áþekkt, enda þótt áherslur geti verið eitthvað mismunandi. Þær raddir hafa einnig heyrst úr herbúðum Sjálfstæðismanna, að flokkurinn sé í eðli sínu jafnaðarflokkur. Óhætt mun að fullyrða, að þegar á hólminn var komið hafa allir ofangreindir flokkar beitt sér fyrir velferðarstefnu með ívafi stefnu mannúðar og/eða jafnaðar. Það gildir svo sannarlega um Sjálfstæðisflokkinn og reyndar allt fjórflökkakerfið. Því verður niðurstaðan sú, að hvort heldur sé horft til íhaldsflokka með meira eða minna kjörfylgi í Norður-Evrópu, er Sjálfstæðisflokkurinn varla sérstæður, hvorki með tilliti til hugmyndafræði né raunstjórn mála. En það er varla nokkrum vafa undirorpið, að Sjálfstæðisflokkurinn, mældur og veginn á sömu stiku og sömu vog innan lands, er stærsti jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Það virðist að sumu leyti vera hyldýpisgjá milli orða og efnda Sjálfstæðisflokksins og hugmyndafræðilega stangast hugtök hans hvert á annars horn. Frelsið er og hefur ævinlega verið munntamt hugmyndafræðingum og forustumönnum flokksins. Hið margrómaða frelsi einstaklinga til að ráða málum sínum, þ.e. sjálfstæði, sjálfræði og sjálfsveld, hefur verið stórkostlega skert m.a. með þeirri botnlausu forsjárhyggju sem birtist í ofurvaldi ríkisins á flestum sviðum, ævinlega með þeim röksemdum leynt eða ljóst, að fólk almennt kunnir ekki fótum sínum forráð. Þannig er sorfið miskunnarlaust að valfrelsi fólks með ýmiskonar löggjöf tengdri atvinnu, viðskiptum, þjónustu og alls konar skattheimtu. Ríkið hefur ekki einasta einokun á ofbeldi heldur hér um bil einnig í verunni

á heilbrigðisstarfsemi og menntun, en þessir málaflokkar eru næsta niðurnjörvaðir í smáatriðalöggjöf og fjármagnaðir með skattheimtu. Hún er réttlætt með skírskotun til velferðar.

Sjálfstæðisflokkurinn er sérstakur málsvari þjóðkirkju, sem rekin er af ríkinu að mestum hluta. Ómálga krógar verða sjálfkrafa safnaðarbörn, nema foreldrar reisi þar við rönd.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi:

Bergur Jónsson. (Umræður um alþýðutryggingar.) *Alþingistíðindi*, B-hluti, 6. des. 1935, dálkur 1601.

Eiríkur Einarsson. (Umræður um alþýðutryggingar.) *Alþingistíðindi*, B-hluti, 6. des. 1935, dálkur 1647.

Garðar Þorsteinsson. (Umræður um alþýðutryggingar.) *Alþingistíðindi*, B-hluti, 6. des. 1935, dálkur 1619.

Magnús Torfason. (Umræður um alþýðutryggingar.) *Alþingistíðindi*, B-hluti, 6. des. 1935, dálkur 1595-1597.

Thor Thors. (Umræður um alþýðutryggingar.) *Alþingistíðindi*, B-hluti, 5. des. 1935, dálkur 1548 og 6. des. 1935, dálkur 1589.

Vefheimildir:

Vef. Anna Kristin Sigurðardóttir. „Sigríður Þorsteinsdóttir.“
<https://notendur.hi.is/~jtj/vefsidurnemenda/Konur/sigridurth.htm> (lesið 25. feb. 2015).

Vef. Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir og Dröfn Sigurbjörnsdóttir. „Þorbjörg Sveinsdóttir.“
<https://notendur.hi.is/~jtj/vefsidurnemenda/Konur/thorbjorgsveins.htm> (lesið 25. feb. 2015).

Vef. Bjarni Benediktsson. „Umræður um frumvarp til laga um alþýðutryggingar“ 29. mars 1943. <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=792<hing=61> (lesið 15. janúar 2015).

Vef. Brynjólfur Bjarnason. „Umræður um frumvarp til laga um alþýðutryggingar,“ 1. apríl 1942. <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=779<hing=59> (lesið 15. janúar 2015).

Vef. Duke, Barry. „The truth about Baden-Powell and the Boy Scouts.“
<http://freethinker.co.uk/2007/11/01/the-truth-about-baden-powell-and-the-boy-scouts> (lesið 25. feb. 2015).

Vef. Gísli Jónsson. „Umræður um frumvarp til laga um alþýðutryggingar,“ 11. nóvember 1943. <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=1659<hing=62> (lesið 15. janúar 2015).

Vef. Guðmundur Í. Guðmundsson. „Umræður um frumvarp til laga um alþýðutryggingar,“ 3. mars 1943. <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=749<hing=61> (lesið 15. janúar 2015).

Vef. Haraldur Guðmundsson. Umræður um frumvarp til laga um alþýðutryggingar 11. nóvember 1943. <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=1634<hing=62> (lesið 15. janúar 2015).

Jón Valur Jensson. „Þorbjörg Sveinsdóttir, ljósmóðir og kvenréttindafrömuður.“
http://gardur.is/einstakl.php?nafn_id=147392 (lesið 25. feb. 2015).

Hitchens, C. „Young Men in Shorts.“ *The Atlantic online*. June 2004.
<http://www.sourcewatch.org/index.php/Scouting> (lesið 25. feb. 2015).

Weintraub, E. R. „Neoclassical economics.“
<http://www.econlib.org/library/Enc1/NeoclassicalEconomics.html> (lesið 20. des. 2014).

Prentaðar heimildir:

Aðalsteinn Sigmundsson. „Skátahreyingin.“ *Skinfaxi* 21. árg. 1930, 3. tbl., bls. 49-65.

Alcock, Peter og Martin Powell. „Introduction.“ Alcock, Peter og Martin Powell (ritstj.) *Welfare Theory and Development*. (London 2011, Sage Publ.).

Arragon, Leo Van. „Robert Baden-Powell, the Boy Scouts, and the Construction of Identity.“ *The Ottawa Journal of Religion*, vol. 2, 2012, no. 4, bls. 64-82.

Ármann Sveinsson. *Manngildi: Ræður og greinar*. (Rvk. 1969, Minningarsjóður um ÁS.)

Ásgeir Guðmundsson. „Nazismi á Íslandi. Saga Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks þjóðernissinna.“ *Saga XIV* (1976), bls. 5-68.

Ásgeir Hannes Eiríksson. *Ein með öllu*. (Rvk. 1990, Fróði.)

Benjamín Eiríksson. „Ríki og ríkisvald.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1964), Heimdallur), bls. 97-117.

Bessi Jóhannsdóttir. „Frjálshyggjan og skólamálin.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 92-101.

Beveridge, William. *Traustir hornsteinar. Erindi og greinar um félagslegt öryggi*. (Þýðandi: Benedikt Tómasson.) (Rvk. 1943, Menningar og fræðslusamband alþýðu.)

Birgir Kjaran. *Til varnar frelsinu*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1980, SUS.)

Birgir Kjaran. „Um sjálfstæðisstefnuna.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1958), Heimdallur), 70-83.

Bjarni Benediktsson. *Land og lýðveldi I og II*. (Rvk. 1965, Almenna bókafélagið.)

Bjarni Jónsson. „Séra Friðrik Friðriksson.“ *Kirkjuritið*, 17. árg. 1961, 4. tbl., bls. 146-154.

Blegtrup, Holger. *N.F.S. Grundtvig*. (Rvk. 1927, Dansk-íslenska félagið.)

Bragi Jóseppson. „Um uppeldiskenningar Guðmundar Hjaltasonar.“ Þuríður J. Kristjánsdóttir (ritstj.) *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. (Rvk. 187, Iðunn), bls. 81-98.

Briggs, Asa. „The Welfare State in Historical Perspective“. Alcock, Peter og Martin Powell (ritstj.) *Welfare Theory and Development*. (London 2011, Sage Publ.), bls. 9-39.

Bronski, M. *A Queer History of the United States*. (N.Y. 2011, Beacon Press.)

Brynleifur Tóbiasson. *Bindindishreyfingin á Íslandi*. (Akureyri 1936, Stórstúka Íslands).

Christiansen, Niels Finn og Pirjo Markkola. „Introduction.“ Christiansen, Niels Finn og fl. (ritstj.) *The Nordic Model of Welfare. A Historical Reappraisal*. (Kaupmannahöfn 2006, Museum Tusulanum Press), bls. 9-30.

Christiansen, Niels Finn og Pirjo Markkola. „Conclusions.“ Christiansen, Niels Finn og fl. (ritstj.) *The Nordic Model of Welfare. A Historical Reappraisal*. (Kaupmannahöfn 2006, Museum Tusulanum Press), bls. 335-354.

Collins, Tony. „Return to Manhood: The cult of Masculinity and the British Union of Fascists.” Mangan, J.A. (ritstj.) *Superman Supreme: Fascist Body as Political Icon – Global Fascism* (London 2013, Routledge.), bls. 145-162.

Crawford, Paul. *Politics and History in William Golding: The World Turned Upside Down*. (Missouri, Univ. of Missouri Press.)

Davíð Oddsson. „Sjálfstæðisflokkurinn og tregðulögmálið.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 138-147.

Edling, Nils og fl. „Social policy language in Denmark and Sweden.“ Béland, Daniel og Klaus Petersen (ritstj.). *Analysing Social Policy Concepts and Language. Comparative and Transnational Perspectives*. (Bristol 2014, Policy Press.), bls. 13-34.

Einar Olgeirsson. „Sósíalístaflókkurinn, saga hans og meginstefna.“ Hannes Jónsson (ritstj.) *Kjósandinn, stjórnmálin og valdið*. (Rvk. 1965, Félagsmálastofnunin), bls. 269-294.

Emil Jónsson. „Alþýðuflokkurinn, saga hans og meginstefna.“ Hannes Jónsson (ritstj.) *Kjósandinn, stjórnmálin og valdið*. (Rvk. 1965, Félagsmálastofnunin), bls. 217-236.

Eysteinn Jónsson. „Framsóknarflokkurinn, stofnsaga hans og meginstefna.“ Hannes Jónsson (ritstj.) *Kjósandinn, stjórnmálin og valdið*. (Rvk. 1965, Félagsmálastofnunin), bls. 237-268.

Friðrik Sophusson. „Starf Sjálfstæðisflokksins.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 148-159.

Geir Hallgrímsson. „Sjálfstæðisflokkurinn, stofnsaga hans og meginstefna.“ Hannes Jónsson (ritstj.) *Kjósandinn, stjórnmálin og valdið*. (Rvk. 1965, Félagsmálastofnunin), bls. 295-322.

Geir Hallgrímsson. „Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1965), Heimdallur), bls. 118-127.

Gils Guðmundsson. *Almannatryggingar á Íslandi*. (Rvk. 1992, Tryggingstofnun ríkisins.)

Gils Guðmundsson. *Ævintýramaður. Jón Ólafsson ritstjóri*. (Rvk. 1987, Vaka-Helgafell).

Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993).

Guðmundur Hálfðánarson. „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 9-58.

Guðmundur Hjaltason. *Æfisaga Guðmundur Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrirlestrar*. (Rvk. 1923. UMFÍ.)

Guðmundur Jónsson. „Hvers kyns velferðarkerfi? Ísland í spegli hinna kvenvænu velferðarkerfa á Norðurlöndum.“ Ritstjóri Irma Erlingsdóttir. *Fléttur II. Kynjafræði – Kortlagningar*. (Rvk.,Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum HÍ, 2004).

Guðmundur Jónsson. „Munaður og nauðsynjar. Neysluviðhorf á tímum aukins verslunarfrelsis 1960-1990.“ Guðmundur Jónsson og fl. (ritstj.) *Heimtur. Ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum*. (Rvk. 2009, MogM.), bls. 160-175.

Guðmundur Jónsson. „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century“. *Scandinavian Journal of History*, vol. 26, issue 3, 2001, bls. 249-267.

- Guðmundur Jónsson. „Agents and Institutions in the Creation of the Icelandic Welfare State, 1880-1946“. Christensen, H.R. og fl. (ritstj.) *Frihed, lighed og tryghed. Velfærdspolitik i Norden*. (Århus 2001, Jysk Selskab for Historie), bls. 61-89.
- Guðmundur Jónsson. „Hjálp til sjálfshjálpar. Borgaralegar rætur velferðarríkisins á Íslandi.“ Dóra S. Bjarnason og fl. (ritstj.) *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofi Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. (Rvk. 2008, Sögufélag), bls. 371-393.
- Guðmundur Jónsson. „Velferðarkerfið: Ávöxtur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar?“ Sumarliði Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.) *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld. framtíðarsýn á 21. öldinni*. (Rvk. 2007, Efling stéttarfélag og Reykjavíkúakademían.), bls. 85-99.
- Guðrún Johnson. „Svo morguninn eftir hefur bæst við krafsið á hurðinni“. *Rannsókn á draugasögum skáta*. (Rvk. 2013. BA verkefni, HÍ, félagsvísindasvið)
- Gunnar Karlsson. „Uppruni íslenskra menntamanna frá 16. öld til 18. aldar.“ Dóra S. Bjarnason og fl. (ritstj.) *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofi Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. (Rvk. 2008, Sögufélag), bls. 241-256.
- Gunnar Helgi Kristinsson. „Valdakerfið fram til viðreisnar 1900 – 1959.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 321-354.
- Gunnar Helgi Kristinsson. *Íslenska stjórnkerfið*. (Rvk. HÍ, 2006).
- Gunnar Kristjánsson. *Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982*. (Rvk. 1983, UMFÍ.)
- Gunnar Thoroddsen. „Sjálfstæðisflokkurinn, stefna hans og störf.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1979), Heimdallur), bls. 137-145.
- Gustafsson, Harald. *Nordens historia. Studentlitteratur*. (Stockholm, 2007).
- Gylfi Þorsteinn Gíslason. *Jafnaðarstefnan*. (Rvk. 1977, AB.)
- Friedman, Milton. *Í sjálfheldu sérhagsmunanna*. (Rvk. Stofnun Jóns Þorlákssonar 1985.)
- Halldór Blöndal. „Af sjónarhóli launþega.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 81-91.
- Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni Sjálfstæðisflokksins*. (Rvk. HÍ, 1979.)
- Hannes H. Gissurarson. „Hugmyndabaráttan á Vesturlöndum.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 9-22.
- Hannes H. Gissurarson. „Eftirmáli.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1958), Heimdallur.)
- Hannes H. Gissurarson. *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*. (Rvk. 1989, Sjálfstæðisflokkurinn.)
- Hannes H. Gissurarson. *Stofnun Sjálfstæðisflokksins, starfsemi og skipulag* (cand. mag ritgerð). (Rvk. 1982, Heimspekideild HÍ.)
- Hannes H. Gissurarson. *Jón Þorláksson forsætisráðherra*. (Rvk. 1992, Almenna bókafélagið.)
- Hannes H. Gissurarson. *Frjálshyggjan er mannúðarstefna: Erindi og greinar 1986-1992*. (Rvk. 1992, Stofnun Jóns Þorlákssonar.)

- Hannes Jónsson (ritstj.) *Kjósandinn, stjórn málin og valdið*. (Rvk. 1965, Félagsmálastofnunin.)
- Helga Guðrún Jónasdóttir. *Hjaðningavíg hugsjónanna. Tímabil fyrstu vinstristjórna á Íslandi og myndun Sjálfstæðisflokksins*. (BA ritgerð.) (Rvk. 1998, HÍ, Félagsvísindadeild.)
- Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20 öld*. (Rvk. 2002, Sögufélag.)
- Hólmfríður Grímsdóttir. *Greining á Sjálfstæðisflokknum á tímabilinu 1929-1983 í anda kenninga Angelos Panebiancos um þróun stjórnmálaflokka*. ((Rvk. 1992, HÍ, BA-ritgerð, Félagsvísindadeild.)
- Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegrar hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918*. (Rvk. Háskólaútgáfan 2006.)
- Jóhann Hafstein. „Sjálfstæðisstefnan.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979 (1939), Heimdallur), bls. 31-44.
- Jón Blöndal (ritstj.). *Félagsmál á Íslandi*. (Rvk.1943, Félagsmálaráðuneytið.)
- Jón Blöndal. „Félagsmál og félagsmálalöggjöf.“ Jón Blöndal (ritstj.). *Félagsmál á Íslandi*. (Rvk.1943, Félagsmálaráðuneytið.)
- Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson. *Alþingi og félagsmálin*. (Rvk. 1954, Alþingisnefnd.)
- Jón Gunnar Grétarsson. „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 355-398.
- Jón St. Gunnlaugsson. „Frjálshyggjan og lögin.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 23-43.
- Jón Þorláksson. *Ræður og ritgerðir*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1985, Stofnun Jóns Þorlákssonar.)
- Jónas Guðmundsson. „Fátækraframsærslan á Íslandi.“ Jón Blöndal (ritstj.). *Félagsmál á Íslandi*. (Rvk.1943, Félagsmálaráðuneytið), bls. 149-182.
- Jónas H. Haralz. *Velferðarríki á villigötum*. (Rvk. 1981, Félag frjálshyggjumanna.)
- Jónas H. Haralz. „Aðfaraorð.“ Friedman, Milton. *Í sjálfheldu sérhagsmunanna*. (Rvk. Stofnun Jóns Þorlákssonar 1985), bls.6-9.
- Kettunen, Pauli. „The language of social politics in Finland.“ Béland, Daniel og Klaus Petersen (ritstj.). *Analysing Social Policy Concepts and Language. Comparative and Transnational Perspectives*. (Bristol 2014, Policy Press.), bls. 157-176.
- Kjartan Ólafsson og Viðar Halldórsson. *Skátastarf á Íslandi 1997*. (Skýrsla unnin fyrir Bandalag íslenskra skáta og Nýsköpunarsjóð námsmanna.) (Akureyri 1998, Háskólinn á Akureyri.)
- Kjartan Gunnarsson. „Formáli.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979*. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979, Heimdallur.)
- Kjartan Gunnarsson. „Inngangur.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979.)
- Kolstrup, Sören. *Velferdsstatens rödder. Fra kommune-socialisme til folke-pension*. (Viborg 1998, Selskabet til forskning i arbejderbevægelsens historie).
- Kristín Jónsdóttir. „Hlustaðu á þína innri rödd.“ *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987*. (Rvk. 2007, Sögufélag.)

Lessenich, Stephan. „Germany: constructing the „win-win“ society.“ Béland, Daniel og Klaus Petersen (ritstj.). *Analysing Social Policy Concepts and Language. Comparative and Transnational Perspectives.* (Bristol 2014, Policy Press.), bls. 177-192.

Magnús Jónsson. *Sjálfstæðisflokkurinn fyrstu 15 árin.* (Rvk. 1957, Prentsmiðjan Leiftur.)

Magnús S. Jónsson. „Efnahagsþróun á Íslandi 1880-190.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990.* (Rvk. HÍ, 1993), bls. 112-214.

Magnús Runólfsson. „K.F.U.M. Starf þess og skipulag.“ *Árbók (Kristilegt bókmenntafélag),* 4. árg. 1935. 1. tbl., bls. 57-92.

Matthías Jóhannessen. *Ólafur Thors: Ævi og störf I og II.* (Rvk. 1981, Almenna Bókafélagið.)

Mill, John Stuart. *Kúgun kvenna* (þýðing eftir Sigurð Jónsson). (Rvk. Hib. 1997.)

Mill, John Stuart. *Frelsið.* (Rvk. Hib, 1970.)

Ólafur Björnsson. „Stefna Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum.“ *Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979.* Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979, Heimdallur), bls. 84-96.

Ólafur Björnsson. *Frjálshyggja og alræðishyggja.* (Rvk. Almenna bókafélagið.)

Ólafur Björnsson. *Einstaklingsfrelsi og hagskipulag.* (Rvk. 1982, Félag frjálshyggjumanna.)

Ólafur Egilsson (ritstj.) *Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna.* (Rvk. 1983, Almenna bókafélagið.)

Ólafur Ragnar Grímsson. „Formáli.“ Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni Sjálfstæðisflokksins.* (Rvk. HÍ, 1979.), bls. 7-9.

Ólafur Ragnar Grímsson og Hallgrímur Guðmundsson. „Niðurstöður.“ Hallgrímur Guðmundsson. *Uppruni Sjálfstæðisflokksins.* (Rvk. HÍ, 1979.), bls. 127-136.

Petersen, Klaus. „Constructing Nordic Welfare? Nordic Social Political Cooperation 1919-1955.“ Christiansen, Niels Finn og fl. (ritstj.) *The Nordic Model of Welfare. A Historical Reappraisal.* (Kaupmannahöfn 2006, Museum Tusulanum Press), bls. 67-98.

Petersen, Klaus og Jörn Henrik Petersen. „Confusion and divergence: Origins and meanings of the term „welfare state“ in Germany and Britain, 1840-1940.“ *Journal of European Social Policy* 2013, 23 (1), bls. 37-51.

Pétur J. Eiríksson. „Hagkerfi frjálshyggju og sósíalisma.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar.* Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls.32-43.

Seip, Anne-Lise. *Sosialhjelpstaten blir til. Norsk sosialpolitikk 1740-1920.* (Oslo 1994, Gyldendal Norsk Forlag.)

Seip, Anne-Lise. *Veiene til velferdsstaten. Norsk sosialpolitikk 1920-1975.* (Oslo 1994, Gyldendal Norsk Forlag.)

Sejersterd, Francis. *Sosialdemokratiets tidsalder. Noreg og Sverige i det 20. århundre.* (Oslo 20055 Pax forlag).

Sigurður Thorlacius. „Skátafélögin á Íslandi 25 ára.“ *Menntamál,* 11.árg. 1938, 1.tbl., bls. 34-37

Sjálfstæðisstefnan: Ræður og ritgerðir 1929-1979. Útg. Hannes H. Gissurarson. (Rvk. 1979, Heimdallur.)

- Stefán Ólafsson. “Þróun velferðarríkisins.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 399-430.
- Stefán Ólafsson. „Um félagsgerð nútímabþjóðfélaga.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 59-74.
- Stefán Ólafsson. *Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. (Rvk. 1999, Háskólaútgáfan.)
- Stefán Jóhann Stefánsson. „Formáli félagsmálaráðherra.“ Jón Blöndal (ritstj.). *Félagsmál á Íslandi*. (Rvk.1943, Félagsmálaráðuneytið), bls.V-VI.
- Svanur Kristjánsson. *Sjálfstæðisflokkurinn. Klassíska tímabilið 1929-1944*. (Rvk. HÍ, 1979).
- Svanur Kristjánsson. „Stjórn mála flokkar, ríkisvald og samfélag 1959-1990.“ Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*. (Rvk. HÍ, 1993), bls. 355-398.
- Sverrir Kristjánsson. „Vinnuvernd.“ Jón Blöndal (ritstj.). *Félagsmál á Íslandi*. (Rvk.1943, Félagsmálaráðuneytið), bls. 136-148.
- Vilhjálmur Egilsson. *Velferðarþjóðfélag á villigötum. Félagleg aðstoð við fullfrískt fólk*. (Rvk. 1985, Heimdallur).
- Wincott, Daniel. „Original and imitated or elusive og limited? Towards a genealogy of the welfare state idea in Britain.“ Béland, Daniel og Klaus Petersen (ritstj.). *Analysing Social Policy Concepts and Language. Comparative and Transnational Perspectives*. (Bristol 2014, Policy Press.), bls. 127-142.
- Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979)
- Þorsteinn Pálsson. „Hvað vildum við? Hvað gerðum við?.“ *Uppreisn frjálshyggjunnar*. Útg. Kjartan Gunnarsson. (Rvk. 1979), bls. 160-175.